

Réttrúnaður og öfugsnúið frjálslyndi



Óli Björn Káráson

Fylgt úr hlaði

Ritlingur þessi inniheldur greinar um pólitískan rétttrúnað, merkingu orða og hvernig stjórnlyndi klæðist fallegum búningi. Greinarnar skrifaði ég í Morgunblaðið frá 2013 til 2017 og eru birtar í tímaröð, þær elstu fyrst.

Ég hef alla tíð lagt á það áherslu að leikreglur samfélagsins séu skýrar, einfaldar og gagnsæjar og umfram allt að allir standi jafnir fyrir lögum og reglum. Stjórnlyndir – sem oftast en ekki vilja kenna sig við frjálshlyndi – eru hins vegar sannfærðir um ágæti þess að setja lög og reglur um flest ef ekki allt er viðkemur mannlegri hegðun. Þar skiptir jafnræði einstaklinganna minnstu – mikilvægast er að ná fram ákveðnum pólitískum markmiðum.

Stjórnlyndi og pólitísk réttshugsun ganga þvert á grunnstefnu Sjálfstæðisflokksins um frelsi einstaklingsins til orðs og æðis. Birgir Kjaran var einn merkasti þing- og hugsjónamaður Sjálfstæðisflokksins. Í erindi sem hann flutti árið 1959 sagði hann meðal annars:

„Í krafti trúarinnar á manninn telja Sjálfstæðismenn, að einstaklingurinn skuli njóta mannhelgi, og að frumréttur hans sé frelsið, andlegt frelsi og efnahagslegt frelsi.“

Efnisyfirlit

Net pólitískrar réttshugsunar	3
Vinstrifléttur og frjálst val til hægri	5
„Ónýtt“ land með „fávítum“ og „vælandi aulum“	7
Frjálshlyndir, umburðarlyndir, víðsýnir og svo við hin	10
Það er eitthvað öfugsnúið	13
Látum barnfóstruna redda þessu	16
Í upplausn og umróti samtímans	18
Almenningur vs. elítan	22
Þjóðkirkja í pólitík	25
Værukærir hægrimmenn og vopnfimir vinstri menn	28
Vökult auga stjórnlyndrar elítu	31
Umræðustjórar umburðarlyndis og neikvæðni	34
Teikniborð samfélagsverkfræðinga og teknókrata	37
Síbreytilegar leikreglur	40

Net pólítískrar rétt hugsunar

Með skipulegum hætti hefur andstæðingum Sjálfstæðisflokksins tekist að telja mörgum trú um að konur eigi sérstaklega erfitt uppdráttar innan flokksins. Fjölmíðlungar éta sumir upp staðlausa stafi og jafnvel trúnaðarmenn sjálfstæðismanna falla flatir fyrir pólítískri rétt hugsun og trúa því að konur eigi á brattann að sækja.

Strax daginn eftir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík síðastliðinn laugardag, var formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, búinn að kveða upp sinn úrskurð. Niðurstaða prófkjörsins (þrjú karlar í efstu sætunum), væri vonbrigði, kjörstjórn hljóti að breyta listanum og jafna kynjahlutföllin enda séu „það ekki bara konur sem eru óánægðar með þessa niðurstöðu heldur sjálfstæðisfólk almennt í Reykjavíkurborg“.

Fyrsta fórnarlambið


Innan við sólarhring var sem sagt ljóst að „sjálfstæðisfólk almennt“ væri óánægt. Fullyrðingin minnti óþægilega á yfirlýsingu forystukonu Bjartrar framtíðar og áður Besta flokksins um að það væri „skelfilegt“ að karlar væru í þremur efstu sætum. Þannig er það „skelfilegt“ að fimm þúsund flokksmenn kjósi með þessum hætti en fullkomlega eðlilegt að fámenn klíka Besta flokksins hafi valið þrjú karla í efstu sætin fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Orð eins og glerhús, loddaraskapur, blekking, skinhelgi og hræsni, koma upp í hugann.

Í pólítískri orrahríð verða staðreyndir oft fyrsta fórnarlambið. Það er rangt að halda því fram að konur hafi farið illa út úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni. Þvert á móti. Konur skipa fjögur af átta efstu sætunum og fimm af tíu. Í 11. sæti er kona.

Kröftugar konur ruddu brautina

Sú fullyrðing að konur eigi erfitt uppdráttar innan Sjálfstæðisflokksins stenst litla skoðun. Í sex síðustu prófkjörum í Reykjavík hefur konum vegnað ágætlega og þrisvar sinnum hafa kynjahlutföllin verið jöfn í tíu efstu sætunum og tvisvar hefur kona verið kjörin í efsta sætið. Fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2010 hlaut Hanna Birna Kristjánsdóttir ótrúlegan stuðning eða 91,7% atkvæða og 84% í fyrsta sætið. Þennan stuðning fékk Hanna Birna ekki vegna þess að hún er kona heldur vegna þess að hún nýtur trausts og trúnaðar sjálfstæðismanna.

Hitt er rétt að konur hafa þurft að hafa fyrir hlutunum innan Sjálfstæðisflokksins líkt og í öðrum stjórnmálaflokkum. Í fyrsta prófkjöri



flokksins árið 1970 var t.d. aðeins ein kona meðal tíu efstu. En kröftugar konur ruddu brautina. Auður Auðuns, Ragnhildur Helgadóttir og Elín Pálmadóttir, svo nokkrar af fjölmörgum konum séu nefndar, sóttu ekki fram í stjórnámálum vegna þess að þær væru konur heldur vegna þess að þær voru öflugir stjórnámálamenn með skýrar skoðanir.

Hið sama á við um þær konur sem hafa á síðustu árum haslað sér völl á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og skipa nú forystusveit flokksins.

Það er fráleitt að halda því fram að niðurstaða prófkjörs Sjálfstæðisflokksins um liðna helgi hafi verið áfall fyrir konur og baráttu kvenna. Raunar má leiða rök að því að málefni hafi ráðið mestu um niðurstöðuna. Fyrir utan að vera karlar eiga þeir þrír sem hlutu kosningu í efstu sætin eitt sameiginlegt; þeir vilja að Reykjavíkurlflugvöllur verði á sínum stað. Þær tvær konur sem sóttust eftir oddvitasætinu eru því ósammála.

Kynjaskiptin ekki áhyggjuefni

Kynjaskipting á framboðslista er ekki helsta áhyggjuefni sjálfstæðismanna í Reykjavík (og raunar um allt land) heldur slök þátttaka í prófkjörinu. Þó um helmingi fleiri hafi kosið á laugardaginn en kusu í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir ári vegna Alþingiskosninga, eiga sjálfstæðismenn ekki að sætta sig við þátttökuna. Og jafnvel sú staðreynd að þátttakan hafi verið nær átta sinnum meiri en í forvali Vinstri grænna í Reykjavík fyrir síðustu Alþingiskosningar, er engin huggun.

Dræm kjörsókn er vísbending um slaka stöðu Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni og staðfesting á niðurstöðum skoðanakannana undanfarna mánuði. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki náð að fóta sig að nýju í Reykjavík.

Í síðustu borgarstjórnarkosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn aðeins 33,6% atkvæða og var niðurstaðan mikil vonbrigði. Alls kusu 20.006 Reykvíkingar flokkinn. Þátttakan í prófkjörinu á laugardaginn var tæplega 25% af kjósendum flokksins í kosningunum 2010. Til samanburðar má benda á að fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1978, þegar Sjálfstæðisflokkurinn missti í fyrsta skipti meirihlutann í Reykjavík, var hlutfall þeirra sem kusu í prófkjöri 40,2% af fylgi flokksins í kosningunum fjórum árum fyrr. Ef hlutfall kjósenda hefði verið það sama síðasta laugardag og 1978 hefðu liðlega átta þúsund átt að greiða

atkvæði en ekki fimm þúsund. Árið 1978 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 47,4% atkvæða.

Mikið og erfitt verk bíður sjálfstæðismanna í Reykjavík líkt og slök þátttaka í prófkjörinu sýnir. Þeir geta hafist handa við endurreisnina eða flækt sig í net pólitískrar réttþugsunar sem andstæðingar hafa lagt. Úrslitin í kosningunum í vor ráðast ekki síst af því hvor valkosturinn verður valinn.

20. nóvember 2013

Vinstrifléttur og frjálst val til hægri

Fjölmiðlar hafa ekki sama áhuga á gengi kvenna í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins og áður. Pólítískir andstæðingar sjálfstæðismanna tala ekki lengur um hve „skelfilegt“ það er að karlar skipi efstu sæti á framboðslistum. Gagnrýnisraddirnar hafa þagnað sem er skiljanlegt.

Á þessu ári hafa sjálfstæðismenn haldið prófkjör í sex sveitarfélögum til að velja einstaklinga á framboðslista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í lok maí. Í Hafnarfirði var Rósa Guðbjartsdóttir kjörin oddviti. Hafnirskir sjálfstæðismenn bjóða fram sterkan lista þar sem fjórar konur verma sex efstu sætin. Í Kópavogi náðu konur góðum árangri um liðna helgi. Fjórar konur í sex efstu sætunum.

Ef sjálfstæðismenn fylgdu sömu reglum og vinstri flokkarnir hefði hlutur kvenna ekki orðið sá sem kjósendur ákváðu í Hafnarfirði og Kópavogi eða í öðrum sveitarfélögum. Konum hefði verið ýtt niður og karlar færðir upp.

Þvingun forræðishyggjunnar

Það er merkilegt hvernig vinstri flokkarnir vilja þvinga fram það sem pólitískur rétttrúnaður kallar jafnrétti á framboðslistum. Samfylkingin leggur áherslu á svokallaða fléttulista þar sem karl skal koma á eftir konu og kona á eftir karli. Santrúaðir vinstri menn treysta flokksmönnum ekki til að velja „rétt“ á framboðslista og því er niðurstöðum prófkjara vikið til hliðar ef nauðsyn krefur. Karli er meinað að setjast í fjórða sæti í samræmi við niðurstöðu í prófkjöri flokksins í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Undir merkjum forræðishyggjunnar er það óhugsandi að

tveir karlar skipti efstu sæti framboðslista og útilokað er að tvær konur leiði framboð stjórnmálaflokks.

Þannig knýja vinstri menn fram vilja sinn á sama tíma og sjálfstæðismenn telja mikilvægt að kjósendur í prófkjörum fái að ráða. Fléttulistar og kynjakvótar eru leið vinstri manna að jafnrétti. Hægri menn treysta hins vegar kjósendum til að velja einstaklinga, vega þá og meta út frá hæfileikum þeirra og getu til að berjast fyrir stefnumálum flokksins.

Þess vegna eru fjórar konur í sex efstu sætunum í Hafnarfirði og í Kópavogi, og þrjár konur eru meðal sex efstu í Mosfellsbæ, Grindavík og á Ísafirði. Þessar 17 konur voru ekki valdar til forystu vegna þess að þær eru konur, heldur vegna þess að almennir sjálfstæðismenn treysta þeim og studdu í prófkjörum. Reglur forræðishyggjunnar innan Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hefðu komið í veg fyrir framgang margra þessara kvenna, líklega í nafni kvenfrelsis.

Njóta ekki forréttinda

Eflaust halda andstæðingar Sjálfstæðisflokksins áfram að kyrja sönginn um að konur eigi erfitt uppdráttar innan Sjálfstæðisflokksins, líkt og gert var eftir prófkjör flokksins í Reykjavík í nóvember. Þá var það „skelfilegt“ að þrír karlar skyldu fá stuðning í þrjú efstu sætin. Og auðvitað skipti engu að fjórar konur voru kosnar í næstu sæti eða að Ásgerður Halldórsdóttir fengi afgerandi stuðning í oddvitasæti sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi í prófkjöri sjö dögum áður.

Um það verður hins vegar ekki deilt að konur hafa þurft að hafa fyrir hlutunum innan Sjálfstæðisflokksins en ólíkt kynsysturum sínum í vinstri flokkunum, njóta þær ekki forréttinda – ekki frekar en karlarnir. Öflugar konur með skýrar hugmyndir hafa rutt brautina innan Sjálfstæðisflokksins. Ekki í krafti kynferðis heldur með dugnaði og af stefnufestu. Þetta eiga Auður Auðuns, Ragnhildur Helgadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ólöf Nordal, Hanna Birna Kristjánsdóttir og margar fleiri konur sameiginlegt.

Ekki lengur frétt næmt

Sjálfstæðismenn héldu prófkjör í fimm sveitarfélögum síðastliðinn laugardag. Yfir 5.500 stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði og tóku þátt í að ákveða framboðslista.

Í Kópavogi lögðu 2.872 flokksmenn leið sína á kjörstað. Sama dag greiddu 1.732 samfylkingar atkvæði í prófkjöri í Reykjavík eða 1.140 færri en í Kópavogi. Þátttakan í Reykjavík var 60% af fjöldanum í Kópavogi. Í Reykjavík búa nær fjórum sinnum fleiri en í Kópavogi.

Þegar sjálfstæðismenn héldu prófkjör í Reykjavík í nóvember síðastliðnum olli þátttakan vonbrigðum og vakti athygli fjölmiðla og stjórnmálaskýranda. Þó kusu nær þrisvar sinnum fleiri í því prófkjöri en hjá Samfylkingunni um liðna helgi. Enginn fjölmiðill hefur talið dræma kjörsókn í prófkjöri Samfylkingarinnar - þar sem úrslitin voru „lagfærð“ samkvæmt reglum – vera efni í þokkalega frétt. Ekki frekar en fjölmiðlum finnst það einnar messu virði að vekja athygli á góðum árangri kvenna í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins á undanförunum vikum. Árangur þriggja karla í Reykjavík vakti meiri athygli.

Margir sjálfstæðismenn eru sannfærðir um að fréttamat fjölmiðla endurspegli neikvæðni margra þeirra í garð Sjálfstæðisflokksins. En kannski er önnur nærtækari skýring á fréttastefnu fjölmiðla það sem af er þessu ári:

Sterk staða kvenna innan Sjálfstæðisflokksins þykir ekki lengur frétt næm.

12. febrúar 2014



„Ónýtt“ land með „fávítum“ og „vælandi aulum“

Hægt, bitandi en ákveðið er reynt að grafa undan tiltrú á það sem er íslenskt. Flest er talið neikvætt, hallærislegt eða jafnvel ömurlagt. Ýmist er lagt er til að Íslendingar afsali sér sjálfstæði og gangi Noregskonungi á hönd að nýju eða leiti skjóls í heitum faðmi Brussel-valdsins.

Ísland er sagt of fámennt og ekki þess megnugt, sem sjálfstæð þjóð,

að halda úti nauðsynlegum stofnunum - stjórnkerfi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi eða samgöngum. Því er haldið fram að Íslendingar þjáist af „menningarlegri einangrunarhyggju“ og hræðist „það sem er öðru-vísi“ svo vitað sé til rithöfundar.

Fyrirverandi alþingismaður, ráðherra og formaður stjórnmalaflokks skrifar um samanburðinn „milli bandaríska réttarríkisins og íslenska bananalýðveldisins“. Dugmikill verkalýðsleiðtogi, á árum áður, heldur því fram að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, vinni „markvist að færa lýðveldið Ísland áratugi aftur í tímann og það að bananalýðveldi í heimshluta þar sem eru mestu lýðræðisríki þessa heims“.

Annar fyrirverandi flokksleiðtogi sakar Íslendinga um skort á þjóðernislegum metnaði og stolti: „Fulltrúar okkar vafra um sem vælandi aular og betla jólatré og notuð vopn.“

Ungur rithöfundur kveður upp þann dóm að Ísland sé „ónýtt“ og segir síðan nafngreindum einstaklingum að „éta skít“. Áhrifamiklir álitsgjafar hamra á því að íslenskir kjósendur séu „fávitar“ og „asnar“.

Þeir sem vilja draga fram hið jákvæða eru óðar sakaðir um þjóðrembu og hroka.

Grafið undan tiltrú

„Sífelld fleiri sjá ekki framtíð í þessu landi,“ sagði stjórnmalaleiðtogi í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra í haust. Hann hefur verið í sérstakri herferð gegn íslensku krónunni og grípur hvert tækifæri sem gefst til að grafa undan tiltrú almennings og atvinnulífsins á sjálfstæðum gjaldmiðli. Krónan er bölvaldurinn og til að losna undan þeirri óáran sem hún á að hafa leitt yfir þjóðina skal flúið á náðir Brussel og evran tekin upp. Þó búa flestar þjóðir evrulands við lakari – sum mun lakari – lífskjör en Íslendingar.

Því er í engu svarað hvernig Íslendingum tókst að brjótast úr því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í upphafi 20. aldar og komast í hóp mestu velferðarríkja heims með ónýtan gjaldmiðil í farteskinu.

Óvída er jafnrétti kynjanna meira. Atvinnuþátttaka kvenna er hvergi meiri og er ein ástæða góðra lífskjara. Að meðaltali er atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 40% meiri en í evrulöndum.

Á Íslandi starfa hlutfallslega fleiri við rannsóknir en í nokkru ríki Evrópusambandsins og fleiri en í „draumaríkinu“ Noregi. Þótt kjósendur sé taldir „fávitar“ og „asnar“ er Ísland í þriðja sæti á lista The Economist Intelligence Unit yfir stöðu lýðræðis í heiminum. Aðeins Noregur og

Svíþjóð eru ofan og Danmörk er sæti fyrir neðan. Ísland er í sjötta sæti yfir lönd þar sem frelsi fjölmiðla er mest og er þar í hópi með Sviss, Lúxemborg og Danmörku.

Snúid á haus

Þrátt fyrir krónuna hefur tekist að byggja upp einhvern hagkvæmasta sjávarútveg heims, sem er skattlagður sérstaklega á sama tíma og flestar þjóðir, þar á meðal Evrópusambandið, Noregur og Bandaríkin, halda úti umfangsmikilli opinberri aðstoð. Íslenskur sjávarútvegur hefur staðist ríkisstyrkta samkeppni á erlendum mörkuðum. Þessu vilja úrtölumennirnir breyta – kollvarpa stjórnkerfi fiskveiða og draga úr samkeppnishæfni með ofursköttum.

Þrátt fyrir að glímt sé við vanda í heilbrigðiskerfinu er Ísland í hópi þeirra þjóða þar sem heilbrigðisþjónustan er hvað best. En umræðunni er snúid á haus. Jafnvel forystumenn verkálýðshreyfingarinnar kynda undir ranghugmyndum um að verið sé að auka greiðslupátttöku sjúklinga, þegar staðreyndir sýna að sitjandi ríkisstjórn hefur snúid við blaðinu. Greiðslupátttaka sjúklinga í sérfræðikostnaði hefur þannig lækkað úr 42% í tíð vinstri stjórnar „norrænnar velferðar“ í 32-33% á þessu ári.

Andstæðingar ríkisstjórnarinnar halda því fram að nú standi yfir aðför að heilbrigðiskerfinu. Staðreyndir sýna annað. Þannig verða t.d. framlög til Landspítalans á komandi ári sex milljörðum króna hærri á föstu verðlagi en árið 2013. Og það sem meira er: það er loks raunhæft að hefja uppbyggingu Landspítalans á kjörtímabilinu, án þess að skuldsetja ríkissjóð upp á von og óvön.

Vantraust

Nýleg könnun MMR leiðir sem betur fer í ljós að traust á helstu stofnunum samfélagsins er að aukast að nýju en engin stofnun nýtur meira trausts en lögreglan. En Alþingi hefur því miður ekki tekist að endurvinna traustið. Aðeins 12,8% landsmanna segjast treysta þinginu.

Auðvitað eru ástæður vantraustsins margvíslegar og sumar djúpstæðar. Orðræðan í samfélaginu er ekki til að skapa andrúmsloft traustleika og þar eiga fjölmiðlar og áhrifamiklir álitsgjafar hlut að máli, en stærsta hluta ábyrgðarinnar bera stjórnámálamennirnir sjálfir.

Það eykur ekki tiltrú á stétt stjórnámálanna þegar kjósendur verða vitni að því að ár eftir ár, að fjármunum er veitt úr sameiginlegum sjóði í verkefni sem litlu skipta á sama tíma og velferðar- og menntakerfið glímur við fjárskort. Fjárveitingarvaldið – Alþingi – öðlast seint traust

skattgreiðenda ef þeir eru sannfærðir um að peningum sé ekki varið af skynsemi.

Með sama hætti getur sjálfstæði atvinnurekandinn ekki stutt stjórn­málamann sem lofar að ryðja braut frjálsra og sanngjarna viðskipta, en gerir síðan lítið til að efna slíkt loforð. Ekki frekar en eldri borgarinn sem býður endalaust eftir að staðið sé við gefin fyrirheit lífeyrismálum eða launamaðurinn sem batt vonir við að hófsemd fengi að ríkja í skattheimtu.

Ekki bætir úr skák að búið er að ríkisvæða stjórn­málastarfsemina á Íslandi. Í stað frjálsra framlaga eru stjórn­málaflokkarnir nú að mestu reknir á kostnað skattgreiðenda í gegnum ríkissjóð og sveitarsjóði. Hundruð milljóna króna renna úr sameiginlegum sjóðum til flokkanna á hverju ári.

Það yrði ágætt skref í að endurheimta traust á Alþingi að hætta ríkis­rekstri stjórn­málaflokkanna og veita peningunum í þarfari málefni. Annað skref gæti verið að breyta orðræðunni – verða jákvæðari um framtíð landsins og jafnvel halda sig að mestu við staðreyndir, hvort heldur menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

5. nóvember 2014

Frjálslyndir, umburðarlyndir, viðsýnir og svo við hin

Hægt og bitandi missa sum orð merkingu eða snúast jafnvel upp í andhverfu sína. Í þvælinni umræðu stjórn­málamanna verða klisjur oftar en ekki ráðandi. Almenn­ingur á því erfiðara en ella að átta sig á því fyrir hvað viðkomandi stjórn­málamaður eða stjórn­málaflokkur stendur. Ef til vill er það tilgangurinn með innihaldslausu eða merkingalitlu tali.

Á síðustu árum hafa íslenskir stjórn­málamenn í æ ríkara mæli skreitt sig með fallegum og jákvæðum orðum. Þeir segjast verða frjálslyndir (ýmist til vinstri eða hægri og jafnvel á miðjunni). Þeir eru talsmenn um­burðarlyndis enda einstaklega viðsýnir. Flestir eru stjórn­málamennirnir orðnir sérstakir baráttumenn umbóta, unnendur náttúrunnar og vinir græna hagkerfisins. Stjórn­málamennirnir vilja beint lýðræði og forðast átakastjórn­mál. Umræðustjórn­mál er lausnarorð.

Með þessu er reynt að koma í veg fyrir hugmyndabaráttu. Inntakslausir



frasar taka við. Fátt hentar betur þeim sem forðast hugmyndafræðileg átök og telja samkeppni hugmynda ekki eftirsóknarverða.

Umburðarlyndi leyfir ekki skoðanir

Þeir sem helst kenna sig við umburðarlyndi eiga erfitt með að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Umburðarlyndið leyfir ekki hvaða skoðun sem er. Þess vegna töldu þrír þingmenn stjórnarandstöðunnar nauðsynlegt að krefjast þess að háskólaprófessor væri kallaður á teppið hjá þingnefnd vegna blaðagreinar sem þeim var ekki að skapi. Og öllu átti á sjónvarpa líkt og „réttarhöldum“ í tíð bandaríksk öldunga-deildarþingmanns, sem setti svartan blett á sögu eigin þjóðar.

Með sama hætti er það merki um víðsýni og mikið umburðarlyndi að kalla flokksbræður og –systur svartstakka – líkja þeim við fasista og ofbeldismenn.

Umburðarlyndi og víðsýni brýst fram í því þegar stjórnámálamaðni ákveða að setja fjölmiðlum skorður og koma á fót sérstakri eftirlitsstofnun með starfsemi þeirra. Frjálslyndur stjórnámálamaður er sannfærður um nauðsyn þess að takmarka frelsið, koma upp öflugum eftirlitsstofnunum og setja flókin lög og margslungnar reglur. Aðeins íhaldsöflin vilja takmörkuð ríkisafskipti og einstaklingsfrelsi. Sá sem efast um eftirlitsiðnaðinn og umsvif hins opinbera er úthrópaður undir gunnfána umburðarlyndis.

Frjálslyndi felst í því að seilast stöðugt dýpra í vasa skattgreiðenda og útdeila peningum til gæluverkefna. Að efast um réttmæti þess er merki um að menn skilji ekki samfélagslega ábyrgð.

Frjálslyndi afnemur rétt þjóðar

Frjálslyndur stjórnmalamaður er sá sem telur rétt að Ísland gangi í Evrópusambandið. Þeir sem hafna aðild eru einangrunarsinnar. Skiptir engu þótt þeir hafi alla tíð barist fyrir frjálsum og opnum alþjóðaviðskiptum og jafnvel tekist á við marga sem vilja undir fána Evrópusambandsins. Frjálslyndir vinstrimenn, miðju- og hægrimenn eru Evrópusinnar. Frjálslyndi felst í því að afnema rétt þjóðar að gera sjálfstæða samninga um opin viðskipti við lönd sem standa undan við ESB. Aðeins afturhaldssinnar eru svo forpokaðir að berjast fyrir frjálsum viðskiptum við aðra en tilheyra sérstökum elítuklúbbi.

Í anda frjálslyndis getur meirihluti aðeins ráðið för ef hann tekur rétta ákvörðun. Röng ákvörðun meirihlutans gefur hinum frjálslyndu sjálf-sagðan rétt að vinna gegn henni með öllum tiltækum ráðum. Brigsl-yrði, hótanir og uppnefni eru vopnin. Málamiðlanir innan flokks eru sýndargjörningar sem nýtast stundum til að hrekja þá sem ekki eru sama sinnir út í horn.

Opin og frjálslyndur stjórnmalaflokkur leggur ekki áherslu á flokksmenn fái að ráða för. Umburðarlyndið felst í því að örfáir ráði og skipi til verka. Að lofa óbreyttum flokksmönnum að velja á framboðslista er ávísun á átök og átakastjórnmal eru ekki hluti af umbótunum.

Frjálslyndur stjórnmalamaður vill opið lýðræði en stendur gegn því að kjósendur hafi nokkuð um það að segja hvort þeir vilji ganga í ríkja-samband Evrópu. Hæsta sig víðsýninnar er að leita allra leiða til að koma skuldabagga einkafyrtækis á skattgreiðendur og reyna allt til að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frjálslyndi frá ábyrgð

Hin frjálslynda víðsýni felst í því að ákæra einstakling, en lýsa því yfir að ekkert sé vitað um hvort viðkomandi sé sekur eða saklaus, en að það sé til fyrirmyndar að láta á það reyna fyrir dómstólum. Aðeins afturhaldssinnar og líklega svartstakkar eru á því að í frjálsu samfélagi, - undir leikreglum réttarríkisins - sé það fráleitt að einstaklingur sæti ákæru, nema því aðeins að ákærvaldið sé sannfært um að viðkomandi hafi í raun brotið lög og að meiri líkur en minni séu á sakfellingu.

Að koma sér undan ábyrgð, kenna öðrum um og fara á svig við úrskurð Hæstaréttar er til merkis um frjálslynda alþjóðasinnaða jafnaðarmennsku.

Víðsýnn, umbótasinnaður og frjálslyndur stjórnmalamaður hefur lítinn áhuga á valfrelsi. Þétting byggðar, minni og hægari umferð eru

hans ær og kýr. Aðeins sá sem hefur gengið íhaldsöflunum á hönd, vill greiðar samgöngur, tryggja að einstaklingar geti valið sjálfir þann ferðamáta sem þeim hentar, að ekki sé talað um hugguleg og vel skipulögð úthverfi. Forhert afturhald óskar síðan eftir mislægum gatnamótum og það gengur næst guðlasti.

Sá er þetta ritar verður vonandi aldrei kenndur við frjálslyndi eða víðsýni, en sættist ágætlega á að vera brennimerktur sem íhald eða jafnvel, ef svo ber undir, afturhald og jafnvel frjálshyggju. En kannski mun gamall samherji nota önnur orð um mig og okkur hin.

Apríl 2014

Það er eitthvað öfugsnúið

Ljái mér hver sem vill. Ég á oft erfitt með að skilja gangverk stjórn-málanna og hef þó talist til þeirra innvígðu á síðustu árum. Skilningur minn á fréttamati og framsetningu fréttar er einnig á stundum takmarkaður, þrátt fyrir að hafa tilheyrt stétt fjölmiðlunga í nokkuð mörg ár.

Meirihluti borgarstjórnar gerir ekkert með vilja borgarbúa. Samkvæmt könnun MMR nú í apríl vilja liðlega 71% Reykvíkinga að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni og 81% landsmanna. Tæplega 70 þúsund manns af öllu landinu tóku þátt í undirritun þar sem skorað er á „Reykjavíkurborg og Alþingi að tryggja öllum landsmönnum óskerta flugstarfsemi í Vatnsmýri til framtíðar“. Allt kemur fyrir ekki. Meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins (nú Bjartrar framtíðar) vilja flugvöllinn í burtu.

EKKI verður þess vart við að fjölmiðlar fari hamförum yfir því að borgarstjórn gangi freklega í berhögg við vilja mikils meirihluta borgarbúa og landsmanna allra. En fjölmiðlar fóru hins vegar af límingunum þegar lögð var fram tillaga um að slíta með formlegum hætti aðildarviðræðum við Evrópusambandið, sem þó höfðu verið á ís allt frá árinu 2011. Reglulega voru fluttar ítarlegar fréttir af fjölda þeirra sem skrifuðu undir kröfu um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu og í nokkrar vikur var varla hægt að kveikja á útvarpi eða sjónvarpi öðruvísi en að hamrað væri á því að komandi laugardag yrði útfundur á Austurvelli.

Þetta eru fjölmiðlarnir sem vildu lítið eða ekkert vita um mót-mælin þegar þáverandi ríkisstjórn ætlaði að láta landsmenn axla Icesave-einkaskuldir Landsbankans.

Óheilindi og friðhelgi

Þeir stjórnámálamenn sem gengu harðast fram í tilraunum til að þjóðnýta einkaskuldir og höfðu þjóðaratkvæðagreiðslur að vettugi, eru óvægirnir í gagnrýninni á sitjandi ríkisstjórn fyrir að leggja fram tillöguna um að slíta ESB-viðræðum. Sömu menn og nú krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna komu í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2009 um hvort sækja skyldi um aðild að ESB. Samherjar þeirra og sálufélagar í borgarstjórn hundsa síðan meirihluta borgarbúa í flugvallarmálinu, en það er víst í góðu lagi samkvæmt fréttamati ríkisins og fleiri fjölmiðla.

Ásakanir um tvískinnung, hráskinnaleik og óheilindi hafa hljómað af minna tilefni.



Fjölmiðlar lágu ekki á liði sínu þegar forysta Sjálfstæðisflokksins var sökuð um að svíkja kosningaloforð vegna tillögunnar. Engu skipti hvað æðsta valdastofnun flokksins hafði samþykkt. Öll tækifæri til að koma höggi á formann Sjálfstæðisflokksins voru nýtt. Annað gildir um foringja vinstri manna. Engu er líkara en að þeir njóti friðhelgi á helstu fréttastofum landsins. Enginn veit þekkir það betur en Steingrímur J. Sigfússonar, fyrrverandi formaður Vinstri grænna.

Kvöldið fyrir alþingiskosningarnar 2009, var Steingrímur J. spurður í sjónvarpsal hvort til greina kæmi að hefja undirbúning að því að sækja um aðild. Svárið var skýrt, stutt og eindregið:

„Nei.“

Steingrímur J. útilokaði að viðræður gætu hafist þá um sumarið og sagði:

„Það samrýmist ekki okkar stefnu og við hefðum ekkert umboð til slíks. Og þó við reyndum að leggja það til, forystufólkið í flokknum, að það yrði farið strax í aðildarviðræður, gagnstætt okkar stefnu, í maí, þá yrði það fellt í flokksráði vinstrigrænna. Þannig að slíkt er ekki í boði.“

Í júlí sama ár greiddi Steingrímur J. ásamt meirihluta þingmanna VG

atkvæði með því að sækja um aðild. Það þótti ekki taka því á íslenskum fréttastofum að rifja upp orð og loforð sem gefin voru kvöldið fyrir kjördag. Auðvitað kom ekki til greina að gefa í skyn að þáverandi formaður VG væri að ganga á bak orða sinna – svíkja það sem sagt var.

Á kostnað skattgreiðenda

Með athöfnum sínum eða athafnaleysi hafa stjórnámamenn oft skapað vandamál. Í aðdraganda kosninga hefði mátt ætla að fjölmiðlar reyndu að varpa ljósi á vandann og grafast fyrir um rætur hans.

Eitt vandamálið – afleiðing stefnu hins opinbera – ríkis og borgar – blasir við borgarbúum og þá ekki síst ungu fólki: Íbúðaskortur, hátt leiguverð og hátt fasteignaverð. Fjölmiðlar virðast áhugalitlir um að upplýsa um ástæður erfiðleikanna. Þeir hafa meiri áhuga á að greina skilmerkilega frá því hvernig stjórnámamenn ætla að nota almannafé til að lagfæra það sem hefur farið úrskaiðis. Þannig ýta fjölmiðlar undir líflegan uppboðsmarkað stjórnámálanna.

Eftir að hafa setið í meirihluta borgarstjórnar og haft fjölmörg tækifæri til að vinna bug á vandanum eða jafnvel koma í veg fyrir hann, hefur oddviti Samfylkingarinnar komið auga á úrræði: Við leysum þetta með skattfé og byggjum opinberar leiguíbúðir, þéttum byggðina, rífum niður bílskúra í Vesturbænum og ryðjum flugvellinum burt úr Vatnsmýrinni.

Flestir þegja, einhverjir kinka kolli en fáir og allra síst fjölmiðlamenn spyrja hvort ekki sé hægt að leysa vandann með öðrum hætti en með sameiginlegum fjármunum borgarbúa.

Af hverju tryggir borgin ekki nægjanlegt lóðaframboð, lækkar hlutfall lóðaverðs í byggingakostnaði og stuðlar þannig að lægra fasteigna- og leiguverði? Af hverju beitir borgarstjórn sér ekki fyrir því að byggingarreglugerðum sé breytt og einkaaðilum þannig gert kleift að byggja litlar og ódýrar íbúðir til sölu eða leigu?

Sem sagt: Ófremdarástand er búið til. Í aðdraganda kosninga bjóðast stjórnámamenn til þess að greiða úr vandanum með því seilast í vasa borgarbúa. Slíkt þykir ekki lengur frétt næmt hjá íslenskum fjölmiðlum. Þvert á móti eru stjórnámamennirnir kallaðir í viðtöl þar sem þeir útskýra í löngu máli hversu góð stefnan er og hversu vel hún leysir klúðrið sem þeir bera sjálfir ábyrgð á að stórum hluta. Og óárettir fá þeir að virða vilja borgarbúa að vettugi.

Ljái mér hver sem vill, þegar ég held því fram að það sé eitthvað öfugsnúið við þetta allt.

Látum barnfóstruna redda þessu

Almenningur er fávís og því þarf að hafa vit fyrir honum og verja gagnvart sjálfum sér. Auðvitað er þetta aldrei sagt upphátt en er þó grunnstefið í hugmyndafræði stjórnlyndra manna, sem telja nauðsynlegt að ríkið sé alltumlykjandi. Án barnfóstru ríkisins sé hætt á að einstaklingar fari sér að voða eða valdi samferðamönnum sínum skaða.

Ekkert mannlegt er barnfóstrunni óviðkomandi og vandmál eru hennar sérgrein. Þetta vita hinir stjórnlyndu og við hin sitjum aðgerðalítill hjá. Stjórnsýslan, fjölmiðlar og stjórn málin eru gegnsýrð af hugmyndafræði barnfóstruríkisins. Ekkert vandamál er of lítið og ekkert of stórt til að barnfóstran sé ekki kölluð á vettvang. Og nú þarf fóstran ekki aðeins að huga að íslenskum „kjánum“ heldur ekki síður að þeim þúsundum erlendra ferðamanna sem streyma til landsins.



Ferðmenn á ábyrgð fóstrunnar

Nú skal ríkisfóstran tryggja öryggi á öllum ferðamannastöðum landsins, setja upp skilti og koma fyrir vaktmönnum allan sólarhringinn til að koma í veg fyrir að „fávísir“ lendi í háska. Umsvifamiklir aðilar í ferðaþjónustu anda léttar – ábyrgðin á ferðamönnum (viðskiptavinunum) verður ekki lengur þeirra.

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómismálaráðherra, segir í dagbókarfærslu síðastliðinn laugardag að engu sé líkara en að þeir sem hafa mestan hag af ferðaþjónustunni „líti á það sem samfélagslegt vandamál að gestunum sé ekki búið öryggi í samræmi við hættur“:

„Raunar er óskiljanlegt hve rík þörf er til að breyta viðfangsefnum

sem í raun eru á ábyrgð landeigenda eða skipulagsyfirvalda á viðkomandi stað í vanda sem ríkisvaldinu beri að leysa. Hvar verða menn varir við aðgerðir til að draga skýrar línur og marka ábyrgð hvers og eins? Ábyrgðin á eigin öryggi hvílur auðvitað fyrst og síðast á einstaklingnum sjálfum.“

Ríkisfóstran mun aldrei skilja rök af þessu tagi heldur breiðir hún út faðminn í óendanlegri góðmennsku sinni. Reglur, eftirlit, boð, bönn og höft eru einkunnarorðin sem hún vinnur eftir.

Umhyggja fyrir landsmönnum

Á meðan fóstran er stöðugt á vaktinni og gætir þess að enginn fari sér að voða eru þingmenn uppteknir við að „framleiða“ og leggja fram frumvörp, þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og beiðnir um skýrslur.

Auðvitað er þingmönnum umhugað um velferð landsmanna. Þeir hafa bara hver sinn háttinn á að sýna umhyggjuna. Á meðan einn leggur til að komið verði á fót embætti umboðsmanns aldraðra vill annar stofna embætti umboðsmanns flóttamanna. Þingmenn hafa einnig áhuga á börnum og ungmönnum og vilja því að settur sé á laggirnar starfshópur til að semja áætlun sem miði að því „að auka vitund og virkni barna og ungmenna í lýðræðisferli samfélagsins“. Aðrir leggja til að sérstakur dagur verði ár hvert „helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins“. Tillaga um að minnst „með táknrænum hætti alþjóðlega lýðræðisdagsins 15. september ár hvert“ bíður einnig afgreiðslu.

Heill þingflokkur, sem hafði rúm fjögur ár til margvíslegra aðgerða, hefur lagt fram tillögur „um bráðaáðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum“. En ríkisstjórnin býður betur. Hugmyndir um stóraukin útgjöld til húsnæðisbóta, uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis, er í anda ríkisbarnfóstrunnar sem ólíkt öðrum barnfóstrum hefur lítinn áhuga að sleppa hendinni af „óvitunum“. Barnfóstra ríkisins hugsar með hryllingi til þess að einstaklingar eigi möguleika á að eignast sitt eigið húsnæði og verða fjárhagslega sjálfstæðir.

Hörð samkeppni

Nokkrir þingmenn hafa skýra hugmynd um nauðsyn þess að stofna Landsiðaráð. Ekki langt undan er tillaga um loftslagsráð en aðrir leggja til að kanna „fýsileika þess að stofna ofbeldisvarnaráð sem verði falið að samhæfa rannsóknir og framkvæmd forvarna gegn ofbeldi á Íslandi“.

Þingmenn úr öllum þingflokkum nema Framsóknarflokki telja rétt að Alþingi feli „ríkisstjórninni að skipa nefnd um lýðræðisleg ákvarðanaferli

með beinni þátttöku almennings í opinberri stefnumótun“. Markmiðið er að auka þátttöku og aðkomu almennings að opinberum ákvörðunum í samræmi við hugmyndir um þátttökulýðræði.

Í leit að þingmálum til heilla fyrir þjóðina er samkeppnin hörð. Reyndar svo hörð að þingflokkar bítast sín á milli, meira að segja þeir sem áður sátu saman í ríkisstjórn. Báðir vilja þeir þjóðgarð á miðhálendi Íslands en náðu greinilega ekki saman um einfalda tillögu og því voru tvær lagðar fram sama daginn. Ekkert er gefið eftir í samkeppni á sviði umhverfisverndar.

Auðvitað má ekki gleyma seinkun klukkunnar eða stofnun ríkisverk-smiðju til að framleiða áburð eða tillögu um að ríkið kaupi Grímsstaði á Fjöllum enda talið best að fóstura sem mest af landinu hjá ríkinu.

Hugmyndir gegn fósturrunni

Þeir eru hins vegar til sem vilja hrista upp í kerfinu, skera það upp og jafnvel kíkja undir þykk teppi ríkisvaldsins. Tillaga um rannsókn á einkavæðingu bankanna – hinni síðari – er gott dæmi. Sú tillaga virðist þó af einhverjum ástæðum vera föst – ekki fengist rædd í þingsölum eftir að hafa beðið í tæpa fjóra mánuði. Einhverjir þingmenn eru á því að opna allt bókhald ríkisins og ríkisstofnana, og þeir eru til sem velta því fyrir sér að rétt sé að lækka skatta, draga úr umsvifum ríkisins og koma böndum á eftirlitsiðnaðinn.

En slíkar hugmyndir ganga gegn því sem ríkisfóstran er að reyna að tryggja – að enginn fari sér að voða. Þetta vita að minnsta kosti allir sem eru orðnir vanir því að fóstran reddi þessu öllu og forði sem flestum undan ábyrgð.

2. mars 2016

Í upplausn og umróti samtímans

Fjölmíðlungar geta ekki kvartað undan fréttaleysi – það er engin gúrkutíð, hvorki hér heima á Íslandi eða í öðrum löndum. Í Bandaríkjunum hefur Donald Trump tekist að leggja andstæðinga sína í Repúblíkanaflokknum að velli með ógeðfældum málflutningi. Bernie Sanders – hálfátræður öldungadeildarþingmaður – hefur heillað ungt fólk sem treystir ekki Hillary Clinton til að gegna forsetaembættinu.

Bretar takast á um aðild að Evrópusambandinu en David Cameron forsætisráðherra var neyddur til að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi veru Bretlands í sambandinu. Í baráttunni hefur Cameron lagst lágt og beitt hræðsluáróðri. Forsætisráðherra sem telur rétt að vekja ótta í hugum kjósenda er kominn upp að vegg, þrotinn rökum.

Brennandi hús

Á sama tíma halda eldar áfram að brenna í Brussel. Jón Baldvin Hannibalsson, sem lýsir sjálfum sér sem harðvítugasta talsmanni aðildar Íslands að Evrópusambandinu, líkir sambandinu við brennandi hús. „Við göngum ekki inn í brennandi hús núna. Slökkvið fyrst eldana,“ sagði Jón Baldvin fyrir rúmum mánuði í viðtali á Morgunvakt Rásar 1. Breskir kjósendur vilja margir koma sér út úr „brennandi húsi“. David Cameron reynir að hræða þá aftur inn.

Kanslari Austurríkis hefur sagt af sér í kjölfar þess að frambjóðandi Frelsisflokksins fékk mest fylgi í fyrri umferð forsetakosninga. Í Þýskalandi glímur kanslarinn við meiri vanda en áður, ekki síst vegna stefnu í málefnum innflytjenda og flóttamanna. Í Frakklandi er forsetinn óvinsælli en flestir forverar hans. Gríðarlegur efnahagslegur vandi Grikkja er ólestur og fleiri ríki Evrópusambandsins glíma við djúpstæðan vanda og í sumum ríkjum tifa tímasprengjur líkt og í Frakklandi þar sem lífeyrisskuldbindingar ríkisins stefna efnahag landsins í hættu. Það hrikir í grunnstöðum innan Evrópu og Schengen-samstarfið er í upplausn, flóttamannavandinn er ólestur, þótt kastljós fjölmiðla hafi beinst annað síðustu vikurnar. Hryðjuverkaógnin er stöðug.

Við þekkjum ástandið

Það er því ekki hægt að halda því fram að stöðugleiki einkenni þjóðlíf Evrópu eða Bandaríkjanna – þvert á móti. Það er umrót og víða jafnvel upplausn.

Við Íslendingar þekkjum ástandið, jafnt á fyrstu mánuðum og árum eftir hrun bankanna og síðustu vikurnar eftir að upplýsingar um svokölluð Panama-skjöl tóku að birtast. Forsætisráðherra sagði af sér í skugga mótmæla á Austurvelli og ný ríkisstjórn sömu stjórnmalaflokka var mynduð. Forsetinn ákvað að hætta við að hætta og lýsti yfir framboði til endurkjörs. Nokkrir sem lýst höfðu yfir framboði hættu við en aðrir komu fram á sviðið, ýmist eftir að hafa opinberlega legið lengi undir feldi eða tekið sér stuttan tíma til að ákveða framboð sem kom flestum á óvart. Sitjandi forseti sá sæng sína upp reidda og ákvað að láta gott heita.



Rúmri viku eftir að hafa ákveðið að sækjast eftir endurkjöri sem formaður Samfylkingarinnar ákvað Árni Páll Árnason að hætta. Hann er búinn að fá sig fullsaddan og veit sem er að flokkur jafnaðarmanna sem átti að verða „hinn turninn“ í íslenskum stjórnámálum er að hruni kominn. Árni Páll er ekki bjartsýnn og telur ekki sjálfgefið að Samfylkingin lifi. Eins og margir samfylkingar rekur hann vandræðin til formannstíðar Jóhönnu Sigurðardóttur. Í viðtali á Morgunvakt Rásar 1 sagði fráfarandi formaður:

„Með því að leggja höfuðáherslu á að vera hreinn vinstriflokkur og á hreina vinstristjórn, hefur Samfylkingin gleymt því að hún komst til valda vegna þess að miðjan kaus hana“.

Þessi gagnrýni Árna Páls er í samræmi við það sem hann hefur áður sagt.

Björt framtíð, systurflokkur Samfylkingarinnar, er að verða að engu og Píratar hafa misst flugið en eru þó með margfalt kjörfylgi sitt. Vinstri grænir eru hins vegar að styrkjast. Þannig virðast þeir sem stóðu gegn sameiningu vinstri flokkanna, ætla að lifa umrótið af. Eftir stendur sundruð hreyfing vinstri manna sem Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri og sósíalisti að eigin sögn, telur að sé „ótrúlega leiðinleg“ enda þróast í „akademíska elítu“.

Mitt í umróti og orrahríð stjórnmalanna sækir Sjálfstæðisflokkurinn aukinn styrk til kjósenda. Fátt leggst jafn illa á sál róttækra vinstri manna en horfa upp á að Sjálfstæðisflokkurinn endurheimti stöðu sína sem akkeri íslenskra stjórnála.

Eitrað andrúmsloft

Í upplausn síðustu ára hefur skapast eitrað andrúmsloft í opinberri umræðu. Taumleysi, virðingarleysi og grimmd hafa tekið við – öll bönd virðast hafa brostið. Nafngreindir stjórnmalamenn eru sakaðir um föðurlandssvik. Þeir eru sagðir apar, asnar og heimskingjar. Fífl og kjánar eru orð sem sumir veigra sér ekki við að nota á samfélagsmiðlum til að lýsa samferðamönnum sínum. Bófar, glæpamenn og siðblindingar eru einkunnir sem sjálfsgaþ þykir að gefa einstaklingum sem eru áberandi í þjóðlífinu. Grimmdin er orðin svo mikil að jafnvel skólafélagar eru hundeltir á samfélagsmiðlum með niðrandi orðum sem hér verða ekki sett á prent.

Það þykir ekki tiltökumál þótt fyrrverandi ráðherra og formaður stjórnmalaflokks lýsi Íslandi sem banalýðveldi. Þegar annar fyrrverandi flokksleiðtogi lýsir kjörnum fulltrúum sem „vælandi aumingjum“ gera fáir athugasemdir. Ekki frekar en þegar nafngreindum einstaklingum er sagt að „éta skít“ af efnilegum rithöfundum.

Í umróti samtímans eru kröfurnar eða leikreglurnar aðrar en áður – jafnvel engar. Fræðimenn eru óhræddir og telja sjálfsgaþ að fella palladóma fyrir mönnum og málefnum á samfélagsmiðlum og blogg síðum án þess að færa rök fyrir staðhæfingum. Dylgjur og meiðyrði vefjast ekki fyrir háskólakennurum sem fyrir nokkrum árum var annt um heiður sinn í fræðum og vísindum. Nú er svo komið að tvískinnungur fræðimanns við háskóla, sem stefnir að því að verða í hópi þeirra bestu í heimi, vekur litla eftirtekt og enga athygli fjölmiðla.

Í kosningabaráttunni sem er framundan um embætti forseta lýðveldisins gefst frambjóðendum, en ekki síður stuðningsmönnum þeirra, tækifæri til „afeitra“ andrúmsloftið – breyta umræðunni. Efna til rökkræðna og sýna að þeir hafi skömm á rætni, dylgjum og virðingarleysi.

Með sama hætti geta frambjóðendur í alþingiskosningum, sem verða að óbreyttu fyrir lok ársins, tekist á um málefnið án gífurlyða eða fantaskapar í garð þeirra sem eru öndverðrar skoðunar. Getur það verið að einhver telji sig tapa á því? Stjórnmalamenn? Fjölmiðlungar? Álitsgjafar?



Almenningur vs. elítan

Svo lengi sem almenningur tekur ákvarðanir sem eru embættismönnum og stjórnámálamönnum að skapi þá virkar lýðræðið. Taki kjósendur „rangar ákvarðanir“ skal annaðhvort kosið aftur eða fundin er leið til að fara í kringum niðurstöðu kosninga. Þegar elítan – embættismenn, stjórnámálamenn, sérfræðingar og hinir menntuðu háskólamenn – kemst að niðurstöðu um hvað öllum sé fyrir bestu, er henni fylgt eftir enda talið nauðsynlegt að hafa vit fyrir illa upplýstum almúganum.

Þannig er viðhorf elítunnar sem á hátíðarstundum berst fyrir lýðræði og rétti almennings til að ráða örlögum sínum. Sá réttur takmarkast við að kjósendur taki „réttar ákvarðanir“ í kosningum og aðeins elítan hefur burði og þekkingu til að ákveða rétt og rangt.

Síðastliðinn fimmdag samþykkti meirihluti breskra kjósenda að Bretland segi skilið við Evrópusambandið. Viðbrögðin við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar (Brexit) eru með ólíkindum. Þar birtist hrokin gagnvart almenningi grímulaus.

Rétt að hunsu meirihlutann

Þingmaður breska Verkamannaflokksins kallar eftir því að þingið hunsu vilja meirihluta kjósenda. „Við getum stöðvað þetta brjálæði og bundið

enda á þessa martröð með atkvæðagreiðslu í þinginu,” voru skilaboð sem David Lammy, þingmaður sendi á Twitter-síðu sinni. Hann heldur því fram að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi aðeins verið ráðgefandi og því séu stjórnvöld óbundin af niðurstöðu hennar. Í huga þingmannsins er ekkert athugavert eða siðferðilega rangt við að þjóðþing virði vilja meirihluta kjósenda að vettugi.

Skoðanir þingmannsins eru í samræmi við rótgróna hugmyndafræði sem hefur náð að festa rætur í Brussel. Lýðræðið er af hinu góða, svo lengi sem almenningur fylgir leiðsögn þeirra sem best eru til þess fallnir að taka mikilvægar ákvarðanir.

Viðbrögðin meðal ESB-sinna á Íslandi eru litlu betri. Árni Páll Árnason, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, heldur því fram að þjóðaratkvæðagreiðslur geti verið „nauðsynlegar stundum, en þær brjóta niður þetta net lýðræðisins sem við höfum byggt upp í Vestur-Evrópu, þar sem fjölbreyttir hagsmunir vegast á og fólk ræðir sig að niðurstöðu”.

Sem sagt:

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru „stundum“ nauðsynlegar en ekki þegar kjósendur komast að „rangri niðurstöðu”.

Innantóm loforð

Skrif Árna Páls á fésbók varpa skýru ljósi á þau viðhorf sem réðu ferðinni í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna á síðasta kjörtímabili. Þá lögðust allir þingmenn Samfylkingarinnar og meirihluti þingmanna Vinstri grænna gegn því að kjósendur fengju að ákveða hvort Ísland óskaði eftir aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Tvisvar var reynt að koma í veg fyrir að landsmenn gætu sagt sitt um lcesave-samninga sem hefðu lagt þungar byrðar á komandi kynslóðir.

Þannig reyndust öll loforðin og hástemmdu yfirlýsingarnar um aukið lýðræði og gegnsæi, aðeins innihaldslaus orð. Í stefnuyfirlýsingu sem samþykkt var á stofnfundi Samfylkingarinnar í maí 2000 sagði meðal annars:

„Við viljum víðtækt lýðræði. Fulltrúar almennings taki ákvarðanir um sameiginleg málefni fyrir opnum tjöldum. Sem flestar ákvarðanir verði teknar beint af þeim hópum fólks sem þær varða. Einstaklingar, samtök á vinnumarkaði og frjáls félagsamtök hafi sem mestan sjálfsákvörðunarrétt.”

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar 2009 var rætt um „rétt almennings til þjóðaratkvæðagreiðslna”. Þetta

var í takt við það sem fyrri landsfundir höfðu ályktað en fyrir þingkosningar sagði meðal annars í stjórn málaályktun:

„Samfylkingin leggur höfuðáherslu á lýðræðismál með auknu íbúalýðræði og réttur almennings til þjóðaratkvæðagreiðslna verði tryggður í stjórnarskrá.“

Veit ekki sitt rjúkandi ráð

Nú segir fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar að lýðræði snúist „ekki um að ná einu sinni meira en helmingi kjósenda, á óljósum forsendum. Þvert á móti er lýðræðiskerfi okkar og friður og velsæld Vesturlanda byggt á skuldbindingu um sameiginleg örlög og að lönd deili byrðum með þeim hætti að sum leggja stundum miklum mun meira af mörkum en önnur.“

Þessi skilgreining á lýðræðishugsjón samfylkinga kemur líklega einhverjum kjósendum á óvart. Þó er hún í ágætu samræmi við skoðanir forvera Árna Páls og fyrrverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur um tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um Icesave. Föstudaginn 5. mars 2010 – daginn fyrir fyrri þjóðaratkvæðagreiðsluna – lýsti Jóhanna því yfir í viðtali við Fréttablaðið að hún ætlaði ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um lög sem hún bar ábyrgð á. Hún taldi atkvæðagreiðsluna „markleysu“.

Elítan í Evrópu veit ekki sitt rjúkandi ráð. Hún neitar að horfast í augu við dóm kjósenda í Bretlandi. Þrátt fyrir hræðsluáróðurinn – í ætt við það sem við Íslendingar fengum að kynnast í aðdraganda Icesavekosninganna – lét meirihluti breskra kjósenda ekki segjast. Tók sjálfstæða ákvörðun, þvert á það sem elítan vildi.

Talsmaður hrokans

Og þegar óbreyttur almúginn gengur gegn vilja elítunnar er nauðsynlegt að finna einfaldar skýringar. Egill Helgason hefur tekið að sér vera talsmaður elítunnar. Daginn eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna er talað niður til almennings. Talsmaðurinn hélt því fram að „gamla fólkið“ hefði ákveðið framtíðina fyrir þá yngri og þar með var gefið í skyn að miðaldra fólk og eldra ætti minni rétt en þeir sem yngri eru. Á bloggsíðu sinni segir Egill síðan:

„Sjötíu prósent þeirra sem eru með háskólapróf vilja vera áfram í ESB, en fólk með litla menntun vill fara út.“

Talsmaður elítunnar – álitsgjafinn – er skýr í afstöðu sinni og

viðhorfum. Þar er hann í félagi við einn af forvígismönnum sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar – Guðmund Örn Jóhannsson, sem af yfirlæti gagnvart breskum almenningi skrifaði:

„Bretar eru íhaldssamir, gamaldags og staðnaðir. Úrsögn úr ESB mun enn auka þessi einkenni þeirra og þeir munu halda áfram að dragast aftur úr öðrum iðnríkjum Evrópu.“


Úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu er söguleg og hefur gríðarleg áhrif – efnahagsleg og pólítísk. Vonir um að embættismenn og Evrópu-elítan bæru gæfu til að draga réttan lærdóm af skilaboðum meirihluta breskra kjósenda, virðast því miður ekki ætla að rætast. Valdastéttin í Evrópu er ekki fær um að hlusta. Þegar almenningur segir hingað og ekki lengra; við sættum okkur ekki hrokann frá valdhöfum, við erum á móti aukinni miðstýringu, við viljum fá að ráða meiru um eigin örlög, við viljum endurheimta fullveldi okkar frá embættismönnum í Brussel sem enginn hefur kosið, hristir elítan hausinn. Vísað er til fávísí og menntunarleysis almúgans sem elítan er sannfærð um að geti ekki tekið skynsamlega ákvörðun um framtíðina.

29. júní 2016

Þjóðkirkja í pólítík

Prestar þjóðkirkjunnar hafa oft og iðulega látið til sín taka í þjóðfélagsmálum – blandað sér inn í viðkvæm deilumál og jafnvel leitt umræðuna og mótað. Sumir hafa tekið skrefið til fulls, boðið sig fram til þings og sveitarstjórna til að eiga kost á að móta með beinum hætti þá umgjörð – lög og reglur – sem borgurinum er ætlað að starfa innan.

Sagan geymir dæmi um vígða menn sem létu til sín taka á sviði stjórnmála og áttu farsælan feril á Alþingi Íslendinga. Ég er svo gæfusamur að hafa kynnst ágætlega



tveimur þessara góðu manna. Þeir áttu það sameiginlegt að berjast fyrir réttlátu samfélagi frjálsra manna, en aldrei nýttu þeir sér kirkjuna sem stofnun til að vinna pólitískum hugsjónum sínum fylgi. Þvert á móti. Þeir gerðu skýran greinarmun á þátttöku sinni í þjóðfélagsmálum og störfum sínum sem prestar í þágu safnaðarins. Ég dreg í efa að þeim hafi nokkru sinni komið til hugar að gera kirkjuna, sem þeim var trúað fyrir, að vettvangi til að berjast gegn því að lögum og reglum sé framfylgt eða hamla að þar til bærum stjórnvöldum sé kleift að sinna lögbundnum skyldum.

Í fótspor Jesú

Ekkert er óeðlilegt við að prestar, líkt og aðrar landsmenn, taki til máls í ræðu og riti. Það getur verið æskilegt að prestar láti í sér heyra, bendi á það sem miður fer og gefi ráð um hvernig staðið skuli að verki. Jafnvel er hægt að ganga svo langt að halda því fram að það sé hlutverk þeirra að gerast gagnrýnendur og feta þannig í fótspor Jesú frá Nasaret.

En það er eitt að gagnrýna, lýsa meinsemdum, draga fram óréttlæti og benda á það sem betur má fara, og annað að vinna beinlínis gegn því að lög nái fram að ganga í lýðræðisríki. Ekki verður annað séð en á síðustu vikum hafi íslenska þjóðkirkjan – sem nýtur verndar í stjórnarskrá – tekið ákvörðun um að leggja stein í götu embættismanna og grafa undan virðingu almennings fyrir lögum og reglum. Ef svo er komið verður illa undan því vikist að endurskoða samband ríkis og kirkju.

Í félagi með stjórnleysingjum

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup yfir Íslandi, og Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, tóku til máls um flóttamanna-vandann á síðum Morgunblaðsins 11. júní síðastliðinn. Þar greindu þær frá fundi sem þær áttu með flóttafólki auk fulltrúa frá No Borders – samtökum stjórnleysingja sem berjast gegn landamærum þjóðríkja. Fundurinn fór fram á Biskupsstofu.

Það er á engan hátt hægt að gagnrýna biskupa fyrir að eiga fundi með flóttafólki og kynna sér frá fyrstu hendi aðstæður fólks sem af ýmsum ástæðum hefur neyðst til að yfirgefa heimaland sitt. En það má aftur á móti velta fyrir sér dómgreind forystumanna þjóðkirkjunnar að bjóða til fundarins fulltrúum stjórnleysingja.

Tilgangur skrifa biskupanna virðist tvíþættur. Annars vegar að gagnrýna stefnu stjórnvalda í málefnum flóttamanna og hins vegar að undirbúa beina þátttöku þjóðkirkjunnar í baráttu gegn því að lögum sé fylgt eftir af réttmætum stjórnvöldum. Í engu reyna þeir að finna

lausn á þeim mikla vanda sem glímt er við, nema þá helst að opna landamærin líkt og No Borders-samtökin krefjast.

Lítill virðing

Agnes og Solveig Lára skrifa:

„Því er það okkar skoðun að Íslandi beri að skoða vel aðild sína að Dyflinnarreglugerðinni og ef ekki reynist unnt að segja sig frá henni, þá beri yfirvöldum að minnsta kosti að túlka hana rúmt.

Ísland hefur komist upp með að nota Dyflinnarregluna aðallega til að komast hjá því að veita flóttafólki hæli.“

Það er miður að biskupar þjóðkirkjunnar skrifi með þessum hætti. Athugasemd Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, í dagbókarfærslu sama dag og umrædd grein birtist er réttmæt:

„Að biskupar skuli tala á þennan veg til embættismanna sem fara að lögum og alþjóðasamningum er ómaklegt. Ummælin eru í samræmi við þá undarlegu afstöðu að lög og reglur eigi ekki að gilda um þá sem koma á ólögmetan hátt til landsins. Þessi skoðun er á skjön við það sem vænta má af yfirvöldum þjóðkirkjunnar nema markmiðið sé að grafa undan virðingu fyrir lögnum. Það er markmið samtaka á borð við No Borders en þau eru oft skilgreind sem samtök stjórnleysingja.“

Griðastaður eða pólítískur vettvangur?

Biskuparnir gáfu upp boltann og hann var gripinn á lofti. Nokkrum dögum eftir að Agnes og Solveig Lára boðuðu að nú skyldi kanna hvort kirkjan gæti orðið griðastaður fyrir flóttafólk, varð Laugarneskirkja vettvangur átaka. Ákveðið var að hindra lögregluna við að framfylgja lögum.

Laugarneskirkja átti í orði að verða griðastaður fyrir tvo ólöglega flóttamenn en varð lítið annað en leiksvið pólítískra átaka, þar sem fjölmiðlar voru sérstaklega velkomnir. Allt til að gera stjórnvöld tortryggileg, grafa undan trúverðugleika lögreglunnar og byggja undir skoðanir stjórnleysingja um afnám landamæra.

Í samtali við Fréttatímann sagðist Agnes Sigurðardóttir biskup „slegin yfir því hvað kirkjunni var sýnd gríðarleg óvirðing með þessum aðförum“. Þar vísaði hún til þess að lögreglan hefði flutt flóttamennina nauðuga úr kirkjunni en þeim var vísað til Noregs á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Þar var lögum, stjórnsýslureglum og alþjóðlegum sáttmálum fylgt eftir.

Yfirmenn þjóðkirkjunnar hafa tekið ákvörðun um að berjast gegn því að lögum sé framfylgt og þess vegna var Laugarneskirkja notuð sem vettvangur pólitískra átaka í samráði við Biskupsstofu, að því er Agnes Sigurðardóttir staðfesti við Fréttatímann.

Hvernig bregst ég við?

Skrif Agnesar Sigurðardóttur og Solveigar Láru Guðmundsdóttur, marka töluverð þáttaskil í starfi og stefnu þjóðkirkjunnar líkt og atburðurinn í Laugarneskirkju undirstrikar. Kirkjan er ekki aðeins vettvangur heldur virkur þátttakandi í viðkvæmu pólitísku deilumáli. Spilað er á tilfinningar, horft framhjá staðreyndum og í engu reynt að finna lausnir. Þvert á móti er grafið undan lögmætum stjórnvöldum lýðræðisríkis.

Þjóðkirkjan skipar einstakan sess í hugum mikils meirihluta Íslendinga og hún nýtur sérstakrar verndar stjórnarskrár. Áhrifavald þjóna og kennimanna kirkjunnar er mikið. Vilji yfirmanna hennar stendur til þess að beita áhrifavaldinu gegn stjórnvöldum og stuðla að framgangi ákveðinna pólitískra hugmynda.

Spurningin sem ég stend því frammi fyrir er því þessi:

Hvernig á ég, sem ólst upp í þjóðkirkjunni, að bregðast við þegar mér er misboðið hvernig farið er með áhrifavald kirkjunnar?

Eitthvað segir mér að fleiri þurfi að svara þessari spurningu.

6. júlí 2016

Værukærir hægrimmenn og vopnfimir vinstrimmenn

Ég get ekki að því gert, en stundum dáist ég að vinstrimönnum. Ekki fyrir hugsjónir þeirra heldur málflutning, sem er oft leiftrandi, beittur og ósvífinn. Í baráttu fyrir málstaðnum þvælast aukaatriði ekki alltaf fyrir, staðreyndir eru lagðar til hliðar og fyrri orð og gjörðir löngu gleymd.

Einlæg sannfæring um málstaðinn gefur mörgum vinstrimmanninum kjark til að ganga ítrekað gegn vilja meirihluta kjósenda, þegar og ef nauðsyn krefur. Þessu hafa landsmenn kynnst í flugvallarmálinu. Skipulega er unnið að því að loka Reykjavíkurflugvelli, þvert á vilja meirihluta landsmanna og höfuðborgarbúa. Í tvígang var gerð tilraun til að koma Icesave-byrðum á landsmenn án nokkurs samráðs. Tvær

Þjóðaratkvæðagreiðslur, þar sem yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar hafnaði því að greiða skuldir einkaaðila, dugðu ekki til. Þess í stað var gert lítið úr fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu frá stofnun lýðveldisins – hún sögð dapurleg markleysa.

Vinstrimenn hafa margir verið duglegir að klæðast búningum umburðarlyndis og frjálslyndis. En umburðarlyndið er oftast en ekki einskorðað við þá sem eru sömu skoðunar, enda varla hægt að sýna „röngum skoðunum“ skilning eða þolinmæði. Í nafni frjálslyndis og beins lýðræðis ræður meirihluti þjóðar en þó því aðeins ef niðurstaðan er „rétt“. Röng ákvörðun meirihlutans gefur hinum réttisýnu og frjálslyndu rétt til að vinna gegn henni og virða að vettugi.

Hástemmdar yfirlýsingar

„Það dettur engum í hug að við göngum í Evrópusambandið nema þjóðin sjálf taki ákvarðanir í því máli jafnvel bæði hvort við eigum að fara í slíkar viðræður og þá að niðurstaðan verði lögð í dóm þjóðarinnar,“ sagði þáverandi formaður Vinstri grænna á þingi 2003. Í júlí 2009 tók Steingrímur J. Sigfússon þátt í því að koma í veg fyrir að „þjóðin sjálf“ tæki ákvörðun um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þá var hann fjármálaráðherra ríkisstjórnar „norrænnar velferðar“.

Hástemmdar yfirlýsingar um beint lýðræði gleymast ef það hentar og þær settar ofan í skúffu.

Í stefnuyfirlýsingu eftir kosningar 2009 gaf ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna fyrirheit um að „beita sér fyrir opinni stjórnsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum“. Það þurfti því ekki aðeins pólitískan kjark, heldur töluverða forherðingu, til að ganga til samninga við kröfuhafa og afhenda þeim tvo banka. Þá var vélað í bakherbergjum í lokaðri stjórnsýslu án nokkurs gagnsæis.

Staðreyndir flækjast ekki fyrir

Frá því að þing kom saman að nýju eftir sumarleyfi hafa stjórnarandstæðingar farið geyst. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur verið sökuð um að „hola“ velferðarkerfið að innan og á sama tíma lækka skatta á efnafólk m.a. með „afnámi“ auðlegðarskatts. Hvorki staðreyndir né saga flækjast fyrir og ekki í fyrsta skipti. Útgjöld til heilbrigðismála og almannatrygginga hafa verið stóraukin frá tíma vinstri stjórnarinnar. Um það verður ekki deilt. Þingmenn geta tekist á um hvort auka hefði átt útgjöldin enn meira og jafnvel hvort fjármunum sé öllum skynsamlega varið.

Þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir kerfisbreytingum á virðisauka-

skattinum árið 2014, með lækkun efra þrepsins og hækkun þess neðra, samhliða afnámi vörugjalda, tók stjórnarandstaðan hraustlega til máls og gagnrýndi breytingarnar harðlega, og þá fyrst og fremst hækkun virðisauka á matvæli. Engu skipti þótt Samfylkingar og Vinstri græn hefðu áður látið sig dreyma um hækkun „matarskattsins“ samkvæmt ábendingum Alþjóða gjaldeyrisjóðsins [AGS].

Vildu hækka matarskattinn

Í samtali við fréttastofu ríkisins í júní 2011 staðfesti Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, að verið væri að skoða að taka upp eitt virðisaukaskattþrep. Liðlega ári síðar lýsti Oddný Harðardóttir, sem tók við fjármálaráðuneytinu af Steingrími, því yfir að rétt væri að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Í viðtali við Viðskiptablaðið í ágúst 2012 sagði ráðherrann:

„Ég myndi vilja skoða það að lækka efra þrepið þegar fram í sækir. Mér líst betur á það að vera bara með eitt þrep, þannig að við getum lækkað það sem nú er í efra þrepi og endurskoðað það sem er á undanþágunni. Við þurfum að endurskoða þetta reglulega.“

Hugmyndir ráðherra „norrænu velferðarstjórnarinnar“ fólu því í sér að stórhækka virðisaukaskatt á matvæli án þess að grípa til mótvægisáðgerða, t.d. með afnámi vörugjalda líkt og gert var.

Vildi ekki auðlegðarskattinn

Gagnrýni stjórnarandstöðunnar að ekki skuli lagður á auðlegðarskattur er sama marki brennd. „Norræna velferðarstjórnin“ lagði skattinn á og hét því að hann væri tímabundinn. Samkvæmt lögum skyldi skatturinn falla niður í lok árs 2013. Oddný Harðardóttir var afdráttarlaus í áður nefndu viðtali við Viðskiptablaðið:

„Það eru ákveðin vandamál með auðlegðarskattinn. Hann er þó tímabundinn og ég mun leggja áherslu á að endurnýja hann ekki.“

Hvorki meira né minna: Fjármálaráðherra vinstri stjórnarinnar lagði áherslu á að auðlegðarskatturinn yrði ekki endurnýjaður. Svo er ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sökuð um að afnema skattinn og hygla þar með eignafólki. Þó var ekkert annað gert en láta ákvörðun meirihluta „norrænu velferðarstjórnarinnar“ ná fram að ganga og ákvæði laga féll úr gildi.

Skiljanlega eiga vinstrimenn erfitt með að láta fara framhjá sér

tækifæri til að koma höggi á sitjandi ríkisstjórn, ekki síst í aðdraganda kosninga. Þá skortir ekki kjarkinn við endurritun sögunnar. Þeir vita sem er að í pólitískri baráttu eru hægrimmenn værukærir og ekki eins vopnfimir. Óhræddir mæta vinstrimmenn því á vígvöll stjórnmalanna og halda því kinnroðalaust fram að afnám millipreps í tekjuskatti sé enn eitt dæmið um hvernig stöðugt er mulið undir þá efnameiri. Engu skiptir þótt venjulegt launafólk beri þyngstu byrðarnar. Sú staðreynd er aukaatriði.

24. ágúst 2016



Vökult auga stjórnlyndrar elítu

Sjálfstæðismenn hafa alla tíð lagt áherslu á að leikreglur samfélagsins séu skýrar, einfaldar og gagnsæjar og umfram allt að allir standi jafnir fyrir lögum og reglum. Stjórnlyndir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins – sem oftast en ekki vilja kenna sig við frjálslyndi – eru hins vegar sannfærðir um ágæti þess að setja lög og reglur um flest ef ekki allt er viðkemur mannlegri hegðun. Þar skiptir jafnræði einstaklinganna minnstu – mikilvægast er að ná fram ákveðnum pólitískum markmiðum. Þess vegna er talið eðlilegt að breyta stöðugt leikreglunum til

að fá „hina einu réttu niðurstöðu“.

„Almenningur er fávís og því þarf að hafa vit fyrir honum og verja gagnvart sjálfum sér. Auðvitað er þetta aldrei sagt upphátt en er þó grunnstefið í hugmyndafræði stjórnlyndra manna, sem telja nauðsynlegt að ríkið sé alltumlykjandi.“ Þannig hófst grein sem ég skrifaði hér í Morgunblaðið í byrjun mars síðastliðins. Ég hélt því fram að hugmyndafræði stjórnlyndis hefði gegnsýrt stjórnsýslu, fjölmiðla og stjórnámál. Ídeológía barnfóstru ríkisins sé ráðandi þar sem ekkert vandamál er talið of lítið eða of stórt til að barnfóstran sé ekki kölluð á vettvang.

Nomenklatúran

Hinir stjórnlyndu vilja að barnfóstran sé alltaf á vaktinni – passi að almenningur taki „réttar“ ákvarðanir og grípi til sinna ráða ef hann villist af leið. Þetta er ný-frjálslyndi samtímans. Nomenklatúra hins pólitíska rétttrúnaðar tekur ákvörðun um hvað sé rétt og hvað rangt. Elítan telur sér skylt að beita öllum tiltækum ráðum til að „leiðrétta“ ákvarðanir kjósenda sem taldar eru skaðlegar og vitlausar.

Nomenklatúran – elítan – er sannfærð um að lýðræðið sé af hinu góða, enda fylgi almenningur leiðsögn þeirra sem best eru til þess fallnir að taka mikilvægar ákvarðanir. Það er sagt merki um heilbrigt og opið starf stjórnámálflokks að leyfa flokksmönnum að velja með beinum hætti á framboðslista fyrir kosningar, en allt undir vökulu auga elftunnar sem fær barnfóstruna til að „lagfæra“ það sem miður fer. Þetta þykir sjálfsgagt meðal stjórnlyndra stjórnámálflokka en Sjálfstæðisflokkurinn hefur neitað að gangast undir völd fámennrar nomenklatúru.

Grunnstef

Öflug millistétt og sjálfstæðir atvinnurekendur eru burðarásar allra velferðarsamfélaga. Þessir burðarásar þrífast aðeins ef allir eru jafnir fyrir lögum og reglum. Velmegun frjálsrar þjóðar er undir því komin að þessari einföldu reglu réttarríkisins sé fylgt.

En með sama hætti og nauðsynlegt er að tryggja jafnræði verður að tryggja stöðugleika og koma í veg fyrir að leikreglum sé breytt í tíma og ótíma (jafnvel eftir á), þannig að útilokað sé að taka skynsamlegar ákvarðanir um framtíðina.

Einstaklingar og fyrirtæki taka mikilvægar ákvarðanir á hverjum degi og skipuleggja framtíðina. Ákvarðanir sem teknar eru í góðri trú eru að engu gerðar þegar leikreglum er breytt. Fjárhagslegum forsendum fjölskyldu, sem ræðst í íbúðarkaup, er gjörbreytt þegar stjórnámálamenn ákveða að hækka opinber gjöld og skatta. Stjórnendur fyrirtækis geta

ekki tekið ákvörðun um fjárfestingar í nýjum tækjum, fasteignum og fjölgun starfsmanna, vegna ótta við að skattkerfinu sé breytt eða lögum umbylt og stoðunum kippt undan rekstrinum. Þeir eiga það jafnvel á hættu að stjórnvöld geri ívilnunarsamninga við keppinauta, sem í krafta sérréttinda stunda undirboð á vöru og þjónustu, jafnt innanlands sem utan, eins og dæmi eru um.

Heimilin og atvinnulífið halda að sér höndum í umhverfi þar sem regluverkið er síbreytilegt og jafnræði er brotið. Afleiðingin er stöðnun og verri lífskjör. Jafnræði, stöðugleiki og skýrar leikreglur eru forsenda framfara, ekki aðeins í efnahagslífinu heldur í samfélaginu öllu – í menningu, listum og stjórnmálum. Og það segir sig sjálft að eftir því sem leikreglurnar eru einfaldari og skýrari því minni ástæða er til þess að breyta þeim.

Súrefni stjórnlyndis

Stjórnlyndi og pólítísk rétthugsun ganga þvert á grunnstefnu Sjálfstæðisflokksins um frelsi einstaklingsins til orðs og æðis. Birgir Kjaran var einn merkasti þing- og hugsjónamaður Sjálfstæðisflokksins. Í erindi sem hann flutti árið 1959 sagði hann meðal annars:

„Í krafti trúarinnar á manninn telja Sjálfstæðismenn, að einstaklingurinn skuli njóta mannhelgi, og að frumréttur hans sé frelsið, andlegt frelsi og efnahagslegt frelsi. Æðsta takmark samfélags á því að vera að veita einstaklingunum allt það frelsi, sem þeir þarfnast til þess að fá að fullu notið hæfileika sinna og mannkosta, án þess að þrengja eða óvirða rétt annarra einstaklinga eða tefla öryggi þjóðarheildarinnar í hættu. Sérhver einstaklingur er því verðmætasta eining þjóðfélagsins, en ekki sérhver stétt eða aðrar félagseiningar, eins og sumar aðrar þjóðmálastefnur vilja láta í veðri vaka.“

Hugmyndafræði stjórnlyndis sækir súrefni sitt í átök. Landsbyggð gegn höfuðborg. Landbúnaður á móti neytendum. Stétt gegn stétt. Tækifæri stjórnlyndra liggja í því að reka fleyga milli kynslóða, á milli launamanna og atvinnurekenda og ekki síst á milli karla og kvenna. Þá er alltaf hægt að réttlæta inngríp í mannlega hegðun – færa rök fyrir nauðsyn þess að barnfóstra nomenklatúrunnar sé vakin og sofin, tilbúin til að leiðrétta „rangar“ ákvarðanir. Þannig er tryggt að niðurstaðan sé í samræmi við pólítíska rétthugsun.

14. september 2016



Umræðustjórar umburðarlyndis og neikvæðni

Líklegast eru „umræðustjórar“ til í flestum frjálsum samfélögum – fólk sem er sannfært um að það sé best til þess fallið að ákveða um hvað skuli fjallað, hvað skuli krufið til mergjar í fjölmiðlum og hvert kastljósið skuli beinast hverju sinni. Umræðustjórnir eru ófeimnir við að fella dóma yfir mönnum og málefnum og óhræddir við fordæma „rangar“ skoðanir.

Umræðustjórnir eru eða vilja a.m.k. vera hluti af valdastéttinni – elítunni sem telur sig hafa meiri burði og þekkingu en almenningur til að ákveða rétt og rangt. Þröngur hópur embættismanna, sérfræðinga og vel menntaðra háskólamanna hafa lengi talið sér það skylt að „leiðbeina“ almenningi til að komast að réttri niðurstöðu. Umræðustjórnir leika undir og gefa oft tóninn.

Hinir upplýstu og hinir fávísu

En það er margt sem bendir til þess að almenningur sé að brjótast undan elítunni og að áhrif umræðustjórnanna sé að minnka. Við höfum orðið vitni að því hér á Íslandi m.a. í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum um Icesave. Þá gekk þjóðin á hólmi við sérfræðingana, álitsgjafana og umræðustjórnara sem boðuðu efnahagslegar hamfarir og einangrun ef skattgreiðendur samþykktu ekki að axla skuldir einkabanka.

Meirihluti breskra kjósenda samþykkti Brexit – úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Áhrifamestu fjölmiðlar landsins máttu sín lítils, almenningur tók ekki mark á dómsdagsspám sérfræðinga og David Cameron, sem barist fyrir áframhaldandi aðild, varð að játa sig sigraðan og sagði af sér sem forsætisráðherra.

Elítan jafnt í Bretlandi sem í öðrum löndum brást illa við niðurstöðunni. Reynt var að gera hana tortryggilega – því haldið fram að meirihluti fólks með háskólapróf vildi vera áfram í Evrópusambandinu, aðeins þeir sem væru með litla menntun hefðu gefið Brexit atkvæði sitt. Sem sagt: Hinir upplýstu tóku rétta ákvörðun, hinir fávísu ranga.

Svipað var upp á teningnum þegar niðurstaða forsetakosninganna í Bandaríkjunum lá fyrir. Hinir fáfróðu og ómenntuðu studdu Trump en hinir upplýstu Clinton.

Tengslin rofin

Umræðustjórnarnir vita vart sitt rjúkandi ráð. Þeir vita að það fjarar undan áhrifum þeirra líkt og annarra í valdastéttinni. Almenningur leitar ekki lengur leiðsagnar heldur tekur sjálfstæða ákvörðun. Æ stærri hópur kjósenda í Evrópu og Bandaríkjunum telur að stjórnmalastéttin, embættismannakerfið og fjölmiðlar, hafi rofið tengslin við alþýðuna – skilji ekki lengur hvað það er sem brennur á óbreyttum borgurum, hvað skipti máli og hvað ekki. Um leið hefur skapast hættulegur farvegur fyrir öfga, hörku, umrót og upplausn.

Á Íslandi hefur grimmdin og virðingarleysið aukist í opinberri umræðu undir handleiðslu umræðustjórnanna. Einstaklingar eru sakaðir um föðurlandssvik, þeir eru sagðir fifl, kjánar, apar, asnar, heimskingjar, bófar, glæpamenn og siðblindingjar. Um leið er herferð gegn öllu því sem er íslenskt. Fulltrúar þjóðarinnar eru „vælandi aumingjar“. Ísland er „bananalýðveldi“ sem er vanþroska og of fámennt til að standa sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða.

Margir umræðustjórnarnir eru dugmiklir við að kenna sig við umburðarlyndi, víðsýni og frjálshyndi. Þeir eiga hins vegar erfitt með að bera virðingu fyrir andstæðum skoðunum – þversögnin blasir við öllum en fáir ræða hana. Þetta á ekki síst við þegar kemur að málefnum útlendinga og hælisleitenda.

Fjöldi hælisleitenda hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári og þröfaldaðist á milli ára. Langflestir komu frá Makedóníu og næstflestir frá Albaníu. Þeir fáu sem tala til máls og færa rök fyrir því að nauðsynlegt sé að spyrna við fótum eru úthrópaðir af umburðarlyndum umræðustjórum.

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, hefur bent á að tilgangur þeirra Makedóníumanna og Albana sem leita eftir hæli á Íslandi sé þrjúþættur: 1. Að dveljast hér að minnsta kosti í þrjú mánuði á kostnað ríkisins. 2. Að stunda svarta vinnu. 3. Að njóta íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

Í dagbókarfærslu á heimasíðu sinni síðastliðinn sunnudag, segir Björn að tregða sé að ræða þessi mál á opinberum vettvangi eins og ber að gera:

„Ættu Íslendingar í hlut og reyndu þannig skipulega að hafa fé út úr íslenska ríkinu á ólögðan hátt eða stunda svarta vinnu yrði þess strax krafist að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að stöðva svindlið. Í tilviki Makedóníumanna og Albananna er staðið þannig að málum að fjárveitingar eru auknar með því að fara dýpra í vasa skattgreiðenda. Meira að segja er reynt að koma rasistastimpli á þá sem benda á ósómam.“

Dagskrárvald og þjóðmálaumræðan

Ég hef haldið því fram að við hægrimenn höfum afhent vinstrimönnum dagskrárvaldið – annaðhvort vegna leti eða skorts á pólitísku sjálfsöryggi. Þess vegna hafa áhrif vinstrisinnaðra og neikvæðra umræðustjórnanna líklega verið meiri hér á landi en víða annars staðar. Þeir móta og stjórna þjóðmálaumræðunni að stórum hluta. Vísbendingar eru hins vegar um að dagskrárvaldið og áhrifin fari minnkandi eins og kom í ljós þegar þeim mistókst að koma í veg fyrir myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Enn eru hins vegar mál tekin á dagskrá en önnur ekki. Þannig skiptir miklu að gera tortryggilega dagsetningu og birtingu á skýrslu um aflandsfélög sem unnin var að frumkvæði fyrrverandi fjármálaráðherra. Upplýsingar um hvernig staðið var að skuldauppgjöri fyrirtækja, félaga og einstaklinga, eftir hrun fjármálakerfisins, virðast litlu skipta. Rökstuddur grunur um að jafnræðisreglan hafi verið brotin og ekki hafi allir setið við sama borð, vekur enga löngum hjá handhöfum dagskrárvaldsins að leggjast í rannsóknir. Af hverju skyldi það vera?

18. janúar 2017

Teikniborð samfélagsverkfræðinga og teknókrata

„Það er jafnauðvelt að blekkja sjálfan sig án þess að taka eftir því og það er erfitt að blekkja aðra svo þeir komist ekki að því.“

Francois de la Rochefoucauld

Þeir segjast vera frjálsslyndir, umburðarlyndir og ekki síst þess vegna víðsýnni en aðrir. En í öllu sínu umburðarlyndi virðast margir þeirra hafa litla eða enga þolinmæði fyrir öðrum skoðunum. Í nafni frjálsslyndis er leitað á náðir samfélagsverkfræðinnar og stjórnlyndis. Í víðsýni eru boðaðar töfralausnir.

Góðhjartaðir stjórnámálamenn hafa alltaf verið tilbúnir til þess að beita ríkisvaldinu – setja lög og reglur – til að leysa vandamál sem þeir telja að séu til staðar. Í góðmennsku sinni eru þeir sannfærðir um nauðsyn þess að hafa vit fyrir samborgurum sínum, sem vita ekki hvað þeim er fyrir bestu.

Velviljaðir stjórnámálamenn, sem sveipa sig skikkju frjálsslyndis, eru tilbúnir til þess að ganga gegn einföldum lögmálum hagfræðinnar og beita til þess ríkisvaldinu. Þeir berjast gegn því að „frumskógarlögmál“ markaðarins fái að ráða. Þess vegna vilja þeir t.d. setja þak á húsaleigu og skýrar reglur um verðhækkun. Tilgangurinn er göfugur; að verja hag leigjenda. Afleiðingin verður hins vegar verri en vandinn sem glímt er við. Framboð dregst saman – íbúðum sem boðnar eru til leigu fækkar, neðanjarðarhagkerfi verður til og staða leigjenda versnar. Lögmál hagfræðinnar verða ekki tekin úr sambandi af stjórnámálamönnum frekar en þyngdarlögmálið.

Þeir sem benda á að skortur og svartamarkaður séu afleiðing hafta og verðlagsþvingana, sitja undir ásökunum um að vera annaðhvort eða hvort tveggja þröngsýnir afturhaldsseggir eða nýfrjálshyggjumenn sem standa vörð um „frumskógarlögmál“ markaðarins. Og guð forði nokkrum frá því að benda á að vandinn á húsnæðismarkaði sé að stórum hluta búinn til af stjórnámálamönnum sjálfum sem með lóðaskorti og reglugerðum hafa komið í veg fyrir að eðlilega verðmyndun á leigu-markaði.

Úr jafnvægi vegna efasemda

Góðhjartaðir stjórnámálamenn eru gjarnir á að tala hátt og snjallt um

eigið frjálslyndi og umburðarlyndi. En þegar upp er staðið eru þeir í raun aðeins teknókratar – samfélagsverkfræðingar sem eru sannfærðir um að hægt sé að leysa flest viðfangsefni þjóðar við skrifborðið, í töflureikni og reiknilíkönunum. Teikniborð teknókratans er allt samfélagið. Í huga samfélagsverkfræðingsins er honum ekkert mannlegt óviðkomandi. Vandamál, raunveruleg og huglæg, eru hans ær og kýr. Stjórnlyndi er honum í blóð borið.

Fátt kemur samfélagsverkfræðingum meira úr jafnvægi en efasemdir um að vandi sem þeir hafa dregið upp á teikniborð sín, sé til staðar eða hann sé jafn mikill og þeir hafa sannfærst um. Nýlegt dæmi um þetta er launamisrétti kynjanna og umræða um nauðsyn þess að lögbvinga fyrirtæki til jafnlaunavottunar.

Einar Steingrímsson, stærðfræðiprófessor við Strathclyde-háskóla í Skotlandi, heldur því fram að engin áreiðanleg gögn sýni fram á að kynbundinn launamunur sé til staðar á Íslandi. „Allar kannanir stéttarféлага sem ég hef séð síðustu árin eru algjörlega marklausar,“ sagði Einar í samtali við mbl.is. Helgi Tómasson, prófessor í tölfræði við Háskóla Íslands, benti á í viðtali við Morgunblaðið að skýringin á því að óútskýrðan launamun væri að finna í rannsóknum á launum kynjanna, væri að alltaf væri verið að gera sömu villuna:

„Það er ekki verið að margendurtaka rannsóknir, það er verið að margendurtaka sömu vitleysuna.“

Þessum efasemdum Einars og Helga er svarað með þjósti. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, vísar til þess að Evrópusambandið hafi komið sér saman um ákveðna aðferðarfræði:

„Vita þessir spekingar, þeir Einar og Helgi, meira en þessir hagfræðingar og tölfræðingar sem hafa komið sér saman um þessa aðferðafræði?“

Þannig er gagnrýnendurnir afgreiddir af samfélagsverkfræðingunum. Efnisleg umræða er þeim lítt að skapi. Andstæðum sjónarmiðum og skoðunum er mætt með tilraunum til að gera lítið úr einstaklingum, skiptir engu hvort um er að ræða viðurkennda fræðimenn eða stjórn-málamenn.

Hér verður það látið liggja á milli hluta hve öfugsúið það er að boða aukin afskipti ríkisins í nafni frjálslyndis og leggja íþyngjandi kvaðir á fyrirtæki til að leysa vanda og misrétti, sem enginn veit hversu mikið er í raun eða hvort það er fyrir hendi.

Lögin skýr

Stjórnarskrá dugar ekki velviljuðum stjórnámálamönnum en í 65. grein segir að allir „skulu vera jafnir fyrir lögum“ og að konur og karlar „skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Skýr ákvæði laga jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, virðast gagnslítill í höndum samfélagsverkfræðinganna. „Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf,“ segir meðal annars í 19. grein laganna og í 25. grein segir að atvinnurekendum sé „óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns“. Í sömu grein segir einnig:

„Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um launamun er að ræða, að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kyni.“

Í 31. grein sömu laga segir:

„Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.“

Brot gegn lögnum og reglugerðum geta samkvæmt 31. grein „varðað sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum,“ en þar segir einnig að með „mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti [laga um meðferð sakamála]“.

Það er Jafnréttisstofa sem skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna og er stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum skylt að veita henni hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Jafnréttisstofa hefur heimild til að beita dagsektum ef umbeðnar upplýsingar eru ekki veittar.

Verkfærin eru því til staðar til að berjast gegn misrétti á vinnumarkaði. Stjórnarskrá og lög eru skýr. En í hugarheimi samfélagsverkfræðinganna dugar það ekki til. Nauðsynlegt er að hafa endaskipti á hlutunum og láta hina „kaldlyndu“ atvinnurekendur sanna með lögbþvingaðri jafnlaunavottun að farið sé að lögum og stjórnarskrá.

Hvar næst verður borið niður þegar þess er krafist að einstaklingar og fyrirtæki sanni að farið sé að lögum, veit ekki sá er hér skrifar. Reglum réttarríkisins verður hins vegar reynt að fórna á fleiri sviðum.

15. febrúar 2017

Síbreytilegar leikreglur

Ekki veit ég hvenær mælistikan var tekin upp. En þegar ríkisstjórnir eru metnar er hún notuð. Fjölmíðlar styðjast við hana í lok hvers þings þegar þeir vilja varpa ljósi á störf þingmanna. Allt er mælt út frá fjölda þingmála. Það þykir gott og afkastamikið þing sem samþykkir fjölda lagafrumvarpa og þingsályktunartillögur. Því fleiri skriflegar og munnlegar fyrirspurnir því betra og ekki er verra ef fjöldi skýrslubeiðna er meiri en áður. Þingmenn eru vegnir og metnir úr frá því hversu oft þeir koma í ræðustól og hversu lengi þeir tala. Ræðukóngar og -drottningar eru krýnd. Árangur ríkisstjórnar er mældur út frá þeim fjölda frumvarpa sem ráðherrar leggja fram og verða að lögum.

Gæði þinghalds og árangur ríkisstjórnar eru fremur mæld út frá magni en gæðum. Fáir leiða hugann að innihaldinu.

Hversu mörg frumvörp voru samþykkt sem skerða réttindi einstaklinganna eða þyngja þær byrðar sem þeim er ætlað að bera? Hversu mörg frumvörp náðu fram að ganga sem auka frelsi einstaklinga eða tryggja réttindi þeirra betur en áður? Tóku alþingismenn ákvarðanir sem ætla má að styrki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja eða var eitthvað gert til að veikja hana? Voru stigin skref til að tryggja náttúru landsins? Hvaða lög voru samþykkt sem fela í sér aukin útgjöld ríkissjóðs? Hversu mikið voru útgjöldin aukin eða var leitað leiða til að spara í ríkisrekstrinum? Náðu þingmenn árangri við að forgangsraða í ríkisútgjöldum? Er farið vel með sameiginlega fjármuni landsmanna?

Svör við spurningum af þessu tagi eru fátíð.

Hættuleg mælistika

Mælistikan sem notuð er á ríkisstjórnir og þingmenn er hættuleg. Með henni er innbyggður hvati fyrir lögjafann að breyta stöðugt leikreglunum, setja nýja lagabálka og breyta gildandi lögum. Ekki endilega vegna þess að það sé nauðsynlegt heldur fremur vegna ásýndar. Það er merki um að eitthvað hafi verið gert – að ekki hafi verið setið auðum höndum við ríkisstjórnarborðið eða í þingsal.

Afleiðing þessa er að stöðugt er verið að breyta leikreglum og sérstak-



lega þykir löggjafanum eftirsóknarvert að breyta lögum um skatta og gjöld. Ég hef haldið því fram að engu sé líkara en að löggjafinn og framkvæmdavaldið vinni skipulega að því að gera einstaklingum og fyrirtækjum erfitt fyrir að gera áætlanir til langs tíma. Sífelldar breytingar á lögum, ný lög og útgáfa nýrra eða breyttra reglugerða koma í veg fyrir að hægt sé að horfa til langrar framtíðar.

Í stað langtímahugsunar og skipulagningar eru einstaklingar og fyrirtæki neydd til þess að taka ákvarðanir frá degi til dags – láta hverjum degi nægja sínar þjáningar, ef svo má að orði komast. Síbreytilegar reglur auka áhættu í fjárfestingum og þar með kostnað. Efnahagsleg starfsemi verður óhagkvæmari en annars.

176 breytingar

Á árunum 2008 til 2015 voru gerðar 176 breytingar á skattkerfinu. Í erindi sem Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, hélt á skattadegi Deloitte í janúar á síðasta ári, kom fram að meginþorri breytinganna voru skattahækkanir eða 132 á meðan 44 skattalækkanir voru gerðar og þær voru flestar á árinu 2014, í tíð Bjarna Benediktssonar í fjármálaráðuneytinu.

Á komandi ári verða 30 ár frá því að lög um virðisaukaskatt tóku gildi. Frá þeim tíma hefur Alþingi litið á það sem eins konar skyldu sína að breyta lögnum nær árlega og stundum oft á ári. Alls hafa verið gerðar 83 breytingar á lögnum og líkur eru á að áður en þetta ár er úti verði enn gengið í „skylduverkið“. Að meðaltali hefur lögnum verið breytt 2,8 sinnum á ári og aðeins tvisvar hefur liðið heilt ár án breytinga; 1994 og 1999. Árið 2011 voru níu lagabreytingar.

Lög um tekjuskatt eru frá 2003 en byggjast á lögum frá 1978. Frá því að gildandi lög voru samþykkt hefur þeim verið breytt 79 sinnum eða oftast en fimm sinnum að meðaltali á ári. Vinstri stjórnin sem kenndi sig við norræna velferð sá ástæðu til að breyta lögnum 36 sinnum á árunum 2009 til 2013.

Nú eru hvorki fleiri né færri en 57 bráðabirgðaákvæði í gildi, misflókin og efnismikil. Tekjuskattslögin eru líkari bútasaumi en heildstæðum lagabálki. Í virðisaukaskattslögnum er 31 bráðabirgðaákvæði.

Breyta verður vinnubrögðum

Eftir þessum síbreytilegum reglum og bráðabirgðaákvæðum er einstaklingum og forráðamönnum fyrir-tækja ætlað að starfa. Þeir verða að laga sig að breytingum allt eftir „dugnaði“ þingheims. Og

til þess þurfa allir að fylgjast vel með ekki síst þegar þrjár af hverjum fjórum breytingum eru íþyngjandi – eru til að auka álögur og hækka skatta.

Gjörbreyta verður vinnubrögðum og innleiða langtímahugsun við breytingar á skattkerfinu. Við stefnumótun til lengri framtíðar verður að huga sérstaklega að samkeppnishæfni landsins, jafnt atvinnulífsins og heimilanna. Ég geri mér grein fyrir að þetta verður erfitt ekki síst á meðan margir þingmenn líta svo á að ekki sé verið að „fullnýta skattstofna“, að ríkissjóður sé að „kasta frá sér og afsala sér tekjum“ með því gæta hófsemdar í skattlagningu. Með sama hætti er það áhyggjuefni ef stjórnámalmenn og áhrifamiklir embættismenn líta svo á að sambærileg skattlagning þjónustu hér á landi og í helstu samkeppnislöndum sé ívilnandi. Fá slíkt hugarfar að ráða för við stefnumörkun í skattamálum, er vonlítið að skattaleg umgjörð verði með þeim hætti að hún skerði að minnsta kosti ekki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og launafólks.

Fjármálaáætlun til fimm ára getur orðið gott verkfæri til að marka stefnu til lengri tíma, ekki aðeins er varðar útgjöld til helstu málaflokka heldur ekki síður að smíða ramma um tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Þegar þetta er skrifað hefur Alþingi áætlun 2018 til 2022 til umfjöllunar – flestar fastanefndir hafa þar verkefni en málið er á forræði fjárlaganefndar. Eðli máls samkvæmt eru skiptar skoðanir á ýmsum þáttum fjármálaáætlunarinnar og þeim hugmyndum sem koma fram í greinargerð. Áætlunin er til þinglegrar meðferðar og þar gefst þingmönnum tækifæri til að setja mark sitt á stefnuna, jafnt á tekju- og gjaldahlíð. Þá skiptir mestu með hvaða hugarfari viðfangsefnið er nálgast.

26. apríl 2017

Ó, þetta er indælt (nú tíma)-frjálslyndi

Forystumenn þriggja flokka, Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar, komu saman til fundar síðastliðinn föstudag til að kanna grundvöll þess að flokkarnir taki höndum saman í ríkisstjórn og til vara í stjórnarandstöðu. Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, fullyrkti í samtali við mbl.is að á þessum „þriggja flokka fundi voru komin saman frjálslyndu öflin í íslenskum stjórnámálum“.

Í kokkabókum formanns Samfylkingarinnar eru því aðeins þrír flokkar

af átta, sem eiga fulltrúa á Alþingi, frjálsslyndir. Samanlagt fylgi hinna „frjálsslyndu“ aflu er aðeins 28% sem er litlu meira en fylgi Sjálfstæðisflokksins. Í viðtali við Vísi fullyrti Logi Már að flokkarnir ættu það allir sameiginlegt að líta til framtíðar fyrir utan að vera frjálsslyndir.

Fundur þríflokksins var haldinn til að fá vinstri græna og framsóknarmenn til að reyna aftur myndun vinstristjórnar. Þá þegar hafði þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, tilkynnt að flokkurinn setti ekki þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið sem skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstjórn. Yfirlýsingin er líklega í takt við frjálsslyndi flokks sem var stofnaður til að berjast fyrir aðild Íslands að ríkja-bandalagi. ESB-sinnar í Sjálfstæðisflokknum stofnuðu Viðreisn vegna þess að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks efndi ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald á aðildarviðræðum. Helsti hugmyndafræðingur Viðreisnar og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sakaði gamla féлага sína í Sjálfstæðisflokknum um „ein stærstu svik sem gerð hafa verið í íslenskum stjórnámálum“ ef ekki yrði af þjóðaratkvæðagreiðslu. Engu skipti þótt landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefði í aðdraganda kosninga 2013 samþykkt skýra ályktun um að aðildarviðræðunum við ESB skyldi hætt og þær ekki hafnar að nýju nema með samþykki þjóðarinnar.

Nokkrum dögum áður en Viðreisn pakkaði saman sínu helsta baráttumáli niður í skúffu lýsti Logi Már Einarsson því yfir að Samfylkingin setti það heldur ekki sem skilyrði að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin. „Nei, við setjum ekki beinlínis skilyrði, við munum auðvitað setja á dagskrá gott samstarf við Evrópusambandið,“ sagði hann í viðtali við fréttastofu Ríkisútlagsins, áður en gerð var formleg tilraun til að koma á laggirnar vinstristjórn. Sú tilraun mistókst.

ESB-flokkarnir tveir, sem vilja svo gjarnan kenna sig við frjálsslyndi, eru þannig reiðubúnir til að fórna helsta baráttumálinu fyrir sæti við ríkisstjórnarborðið. Ásakanir um „stærstu svik“ í íslenskum stjórnámálum hljómuðu af minna tilefni.

Merkingarlausir merkimiðar

Frjálsslyndir, víðsýnir og umburðarlyndir. Þrjú jákvæð orð sem stjórnámálamenn eru gjarnir að skreyta sig með. Merking orðanna er hins vegar litlu meiri eða dýpri en innihaldslausir frasar sem hafa tekið yfir pólitíska orðræðu.

Þeir sem eru dugmestir við að kenna sig við umburðarlyndi eru oftast en ekki fremstir í flokki þeirra sem ráðast á þá sem eru á önd-

verðum meiði – setja fram aðrar skoðanir en þær sem eru hinum umburðarlyndu þóknanlegar. Í víðsýni og hleypidómaleysi eru pólitískir andstæðingar brennimerktir. Samstarf er útilokað við stjórnmalaflokka sem njóta stuðnings tuga þúsunda kjósenda, jafnvel margfalt fleiri en styðja þá sem kalla sig umburðarlynda. Umburðarlyndi er gagnvart þeim sem eru sömu skoðunar – „rangar skoðanir“ njóta hvorki skilnings né þolinmæði.

Þannig hefur merkingu orða verið snúið á haus.

Frjálslyndur stjórnmalamaður berst ekki lengur fyrir réttindum einstaklinga og auknu athafnafrelsi. Ný-frjálslyndi er lítið annað en falletgur búningur stjórnlýndis.

Undir gunnfána frjálslyndis á að seilast dýpra í vasa skattgreiðenda og útteilda peningum. Að auka umsvif hins opinbera og taka sífellt stærri hluta tekna launafólks er merki um nútímalega frjálslynda hugmyndafræði.

Talsmenn báknsins

Þeir dagar eru liðnir þegar frjálslyndir stjórnmalamenn tóku sér stöðu við hlið sjálfstæða atvinnurekandans – börðust fyrir auknu athafnafrelsi og einföldu regluverki. Ný-frjálslyndi kallar á að frelsi sé takmarkað með fjölbættum lögum og reglum. Nútímalegir frjálslyndir stjórnmalamenn eru sannfærðir um nauðsyn þess að byggja upp öflugt eftirlitsbákn með tilheyrandi gjöldum á atvinnulífið. Framtaksmönnum er gert erfiðara fyrir og stórfyrirtækin lifa góðu lífi í skjóli báknsins og sífellt flóknari leikreglna.

Við sem viljum brjóta upp kerfið, einfalda regluverkið og styðja við framtaksmanninn – sjálfstæða atvinnurekandann – erum sagðir tilheyrja kerfisflokki. Þeir sem eru mest uppteknir af því að fá viðurkenningu fyrir frjálslyndi og boða í tíma og ótíma kerfisbreytingar eru í raun helstu talsmenn báknsins.

Nútímalegt frjálslyndi neitar að eiga samleið með þeim sem vilja auka frelsi einstaklinga og takmarka afskipti ríkisins.

Æðsta stig nútíma frjálslyndis (því ekki má vera gamaldags) er að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu og leggja áherslu á þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður fyrir kosningar. Í anda ný-frjálslyndis er hins vegar eðlilegt að leggja kosningamálin til hliðar að loknum kosningum til að gera leiðina inn í ríkisstjórn greiðari. Slíkt er merki um umburðarlyndi og víðsýni.

Stjórnmalamenn sem berjast fyrir frjálsum og opum alþjóðaviðskiptum

Pólítískur rétttrúnaður

geta ekki lengur kennt sig við frjálslýndi. Að standa vörð um rétt þjóðar að gera sjálfstæða samninga um opin viðskipti við lönd, sem standa utan Evrópusambandsins, er ekki í takt við nýttiskulegt frjálslýndi. Afnáam tolla og almennra vörugjalda, sem ýtt hefur undir aukin alþjóðleg viðskipti, lækkað vöruverð og innleitt aukna samkeppni í smásölu er samkvæmt skilgreiningu nútímastjórnámálanna aðeins aðferðafræði gamaldags frjálslýndis.

15. nóvember 2017